# Fornleifaskráning
## Hafnarfjörður

## Í landi Óttarsstaða neðan Reykjanesbrautar




*Katrín Gunnarsdóttir*
*fornleifafræðingur*



*Byggðasafn Hafnarfjarðar*
*janúar 2010*

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagað af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

## **Fornleifar:** Gagnagrunnur fyrir fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifar inniheldur* fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. GPS hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

*Fornleifar* veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

### Númer jarðar

*Í Jarðatali J Johnsen*[1] frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggðasafnsins. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undir númer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar. Þetta númerakerfi er notað almennt við skráningu fornleifa á Íslandi.

### Landareign og númer landareignar

Gildið *Landareign* á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið *landsnúmer* sem fært er inn í gagnagrunninn.

Fyrir fyrirhugað deiliskipulagssvæði í Sléttuhlíð eru mörg númer, þar sem landið skiptist á milli margra eigenda. Því er ekki skráð inn neitt heildarnúmer fyrir svæðið.

### Sérheiti

Hafi fornleif ákveðið *heiti* er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Rúnugerði, Haustrétt, o.s.frv.

### Tegund minja

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

### Hlutverk

Hugtök sem lýsa vel hvaða hlutverki viðkomandi minjar hafa haft, eins og bæjarhóll, bryggja, fjárborg, legstaður, náma. o.s.frv. Ef fleiri en eitt hlutverk koma til greina á sama mannvirkið er reynt er að nota það heiti sem lýsir því best, en hinna heitana er einnig getið, á eftir því hlutverki sem er fyrst nefnt, eða því gert skil í athugasemdum eða lýsingu á viðkomandi mannvirki.

[1]J.Johnsen 1847.Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

**Friðlýsing**
Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuðn hafi átt sér stað.

**GPS staðsetning**
Samkvæmt vinnureglu er *GPS hnit* tekið sem næst miðju fornleifar og hnitið fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

**Aldur**
Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum:
*-1550, 1550-1900 og 1900-.* Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé *ártal* hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

**Ástand**
Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: *Ágætt* ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, *Sæmilegt* ef fornleif er nokkuð heilleg, *Lélegt* ef fornleif er mikið röskuð og *Horfin* ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

**Hættumat**
Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: *Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.*

**Hætta**
Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum:
*Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.* Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

**Minjagildi**
Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: *Hátt, Talsvert, Lítið og Ekkert.*

**Friðlýsing**
Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðun hafi átt sér stað.

**Lega og staðhættir**
Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til *legu og staðhátta*, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

**Lýsing**

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

**Athugasemdir**

Inn í *athugasemdir* eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu.

**Heimildir**

Vísað er til *heimilda* um hverja fornleif fyrir sig, jafut ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

**Ljósmyndir**

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fomleif.

**Teikningar**

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fornleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

Óttarsstaðir
**Sögulegt yfirlit**

Elsta heimild um óttarsstaði er Kaupbréf frá 9. september 1447, en þar segir að Einar Þorleifsson hafi keypt jarðir í Húnaþingi og selt jarðir á Vatnsleysuströnd til Viðeyjarklausturs og 10/100 í Óttarsstöðum.[1]

Örnefnaskrá: Á Óttarsstöðum var tvíbýli. Voru býlin nefnd Efri-Óttarsstaðir eða Vesturbær og Neðri-óttarsstaðir eða Austurbær. Bæirnir stóðu á bæjarhól nokkuð vestarlega í túninu. Vesturbærinn sem byggður var 1890 stendur enn. Austurbærinn var rifinn fyrir aldamótin 1899-1900. En árið 1885 var byggt nýtt hús nokkru austar og neðar í túninu en hluti gömlu bæjartóftunum notað fyrir fjós og hlöðu.

**Landamerki Óttarsstaða**
Upp af Vatnagörðum eru svo hraunhæðir sem heita Sjónarhólshæðir. Þar er hæðsta hæðin Sjónarhóll, Um hana eru merkin og þar er nú girðing.

Landamerki milli *Óttarsstaða og Lónakots* byrja rétt fyrir ofan Sjávarkambinn þaðan í Markhól sem er klappað á: Ótta
Frá Markhól í Sjónarhól, frá Sjónarhól í vörðu austanvert við Lónakotssel, frá þeirri vörðu í Miðkrossastapa.
Landamerki milli *Óttarsstaða og Hvassahrauns* byrja í Mið-Krossastapa, frá Mið-Krossastapa í Klofningsklett sem varða er hjá, sunnanvert við Einirhól. Frá Klofningskletti í Búðarvatnsstæði frá Búðarvatnsstæði í Markhelluhól, sem er hornmark frá Óttarsstöðum, Hvassahrauni og Krísuvík, í hann er klappað: Ótta, Hvass, Krv.
Landamerki milli óttarsstaða og Straums byrja við sjó á Vatnaskersklöpp og yfir miðjan Markhól. Þaðan beint í Stóra-Nónhól frá Nónól í Gvendarbrunn, frá Gvendarbrunni í Mjósundsvörðu, frá Mjósundsvörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. Á Klofaklett er klappað: Ótta, Str, og varðahlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markstein suður og upp af Eyjólfshól á þennan Markastein er klappað: Ótta, Str. Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi. [1]

[2] Gísli Sigurðsson. örnefuskrá-óttarsstaðir, Gullbringusýslu. örnefnastofnun Íslands 1980.

Óttarsstaðir er jörð í hinum svonefndu Hraunum, í landi Hafnarfjarðar.
Þær jarðir innan staðarmarka Hafnarfjarðar suð-vestur afkaupstaðnum voru áður nefndar einu nafni Hraunjarðir. Þetta voru jarðirnar Stóri-Lambhagi, Þorbjarnarstaðir, Straumur, *Óttarsstaðir,* Lónakot og Svínakot. Jörðin Hvassahraun var ein af Hraunjörðunum en hún var í Vatnsleysuhreppi.
Þessar jarðir voru allar í eigu Viðeyjarklausturs og urðu því kónungsjarðir með siðaskiptunum 1550. Ofan við jarðirnar (sunnan) er stór almenningur þar sem þessar jarðir áttu ítök sem gert er grein fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalins. Kónungsjarðirnar voru síðan seldar á árunum 1837-1839.
Eftir að jarðirnar í Hraununum höfðu verið seldar, Lambhagi var þó seldur 1827, reis fljótt ágreiningur um eignarheimildir á hinum svonefnda Almenningi. Að beiðni stiftamtmanns var sýslumanni falið að rannsaka málið. Stiftamtmaður taldi það hugsanlegt að Almenningur væri eftir sem áður kónungsland þar sem jarðirnar í Álftaneshreppi ættu það ítök til viðarhöggs og kolagjörðar. Samkvæmt þessu boðaði sýslumaður 18.5 1848 til áreiðar sem fór fram á tilsettum tíma, og gögn í málinu send amtinu sem svaraði með því að leyfa Hraunbæjarmönnum einum og óskertum afnot.[2]

## Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703

Jarðardýrleiki óviss. Eigandinn er hans háting konungurinn
Ábúandi er Guðmundur Guðmundsson.
Landskuld 500 álnir. Greiðist með sex vættum og tveimur fjórðungum fisks í kaupstað síðan leigan var hafin, en áður var hún greidd til Bessastaða.
Við (timbur) til viðhalds leggur ábúandinn.
Kúgildi eru þrjú. Leigur greiðist í smjöri heim til Bessastaða eða með fiski í kaupstað.
Ábúandi sér um að viðhalda kúastofninum.
Kvaðir eru um mannslán um vertíð, en á síðustu vertíð samdist um það á milli umboðsmannsins á Bessastöðum og ábúandans, að umboðsmaðurinn skyldi fá hálfan hlut af skipi ábúandans sem hann gerði út að öllu leyti. Ábúandinn gekkst að þessu þar sem hann treysti sér ekki til að láta frá sér neinn vinnumann í aðra verstöð.
Þá skal ábúandinn leggja til tvo hesta með birkikjarri sem skal safna í almenningi og færa til Bessastaða ábúandinn kvartar þó yfir því að erfitt sé orðið að safna birkikjarrinu, og heldur því fram að auðveldara sé að greiða tíu fiska þegar guð gefur fiskinn af sjónum. Að auki tvo dagslætti heim til Bessastaða, og fæðir þá bóndinn verkamennina, eða verkamanninn. En hefur á síðast liðnu sumri ráðið verkamann þar til með 10 álnum til samans fyrir báða dagslættina. Á síðast liðnu ári skömmu fyrir vetrarnætur sendi umboðsmaðurinn þangað lamb á fóður sem ábúanda var gert að taka við sem kvöð. Þessi kvöð hafði ekki verið á býli þessu, eftir því sem nærstaddir menn muna. Þá skal maður eða menn vera til staðar ef umboðmaðurinn þarf á að halda til róðra, og er það á umboðsmannsins kostnað og leggur hann sjálfur til skipið. Þessar skipsferðir eru þó færra eftir að koungurinn innleiddi landskyldu fisks á hafnirnar.
Útigangur er hér í betra lagi, nema þegar vetur eru slæmir.
Kvikfénaður er hér fimm kýr, og einn hestur.

[3] Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.

Hægt er að fóðra fimm kýr ef túnið er gott, en ekki ef það er í órækt og úr sér vaxið eins og það er nú.
Heimilsmenn eru átta.
Skóg til kolagerðar og eldiviðar sækir ábúandi í almenning án greiðslu. Skógurinn er þó mikið eyddur og ekki mikið eftir af honum.
Á jörðinni er engin annar eldiviður, fyrir utan fjöruþang þar sem þar er enn þá að finna.
Verður því ábúandinn að kaupa kol fyrir það sem á vantar.
Hægt er að notast við lyng, en þá varla nema til að kveikja eld.
Rekavona trjáa er mjög lítil þó hér sé fjara.
Sel sem hægt er að nýta rekur stundum á fjöru.
Sölvafjara nægir heimafólki, en erfitt að komast að fjörunni.
Hrognkelsatekja er nokkuð góð þegar fjarar úr lónum. Fjörugrös eru nægjanleg fyrir heimamenn.
Nóg er af bjöllum í fjörunni, en þær er eru ekki notaðar nema í neyð.
Heimræði er allt árið.
Lending er í meðallagi. Og er nýtt af ábúenda.
Til forna hafa verið hér aðkomuskip sem róið hafa gegn leigugjaldi, gæti það orðið aftur ef fiskigengd myndi aukast.
Héðan er gert út eitt konungsskip tveggja manna far, án leigugjalds, og fær áhöfnin húsaskjól hjá ábúandanum án leigugjalds. Konungsskipið hefur verið hér eftir því sem umboðsmanninum hefur hentað hverju sinni.
Engjar eru ekki neinar á jörðinni.
Selstöð (sel) á jörðin í almenningi, þar eru góðir hagar, en lítið um vatn í þurrka á sumrin. Aðra selstöð á jörðin í Lónakotslandi, á móti kemur skipuppsátur Lónakotsmanns í Óttarsstaðalandi.
Fénaður og stórgripir farast hér oft í gjám ef ekki er vel aðgætt, og þá sérstaklega á vetrum þegar snjór liggur yfir öllu.
Kirkjuvegur er hér í lengra lagi.
Torfstunga er næstum engin til heyja, eða/og viðhalds þaks og húsa.

**Hjáleigur:**
Nafnlaus hjáleiga um 60 ára gömul.
Jarðardýrleiki óviss.
Ábúandinn Guðmundur Ólafsson.
Landskuld 65 álnir á nokkrum umliðnum árum, en er nú 30 álnir í tvö næstu ár Greiðist með tveimur vættum og tveimur fjórðungum fiska en nú með einni vætt fiska til heimabóndans. Við (timbur) til viðhalds húsa vill heimabóndi að hjáleigumaðurinn leggi til, en það hefur hann ekki samþykkt og stendur það svo.
Leigukúgildi er ekkert, en hjáleigumaðurinn greiðir sem svarar í leigu einn fjórðung smjörs. Kvaðir eru mannslán (hann sjálfur) og formenska á skipi heimabóndans allt árið um kring kauplaust nema formaðurinn er skipaleigu frír af sínum hluta um vertíðina.
Dagsláttur um töðuslättartíma
Kvikfénaður ein kýr, tveir sauðir tveggjavetra, fimm veturgamlir, fimm lömb, einn hestur. Hægt er að fóðra eina kú rýflega. Fénaður er að mestu á útigang.
Heimilsmenn eru þrír.
Hlunnindi jarðarinnar er nýttur af hjáleigumanninum ótakmarkað eftir þörfum.
Selstöð (sel) notar hann í Lónakotslandi.
Birkikjarr í almenningi sér til eldingar og að bjarga nautpeningi í heyskorti.

Önnur hjáleiga, sem er eldri en nokkurn maður man.

Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn er Þorvaldur Guðmundsson.
Landskuld eru 50 álnir. Greiðist með tveimur vættum fisks til heimabóndans. Við til viðhalds húsa vill heimabóndi að hjáleigumaðurinn leggi til að það finst hjáleigumanninum hann ekki vera megnegur til.
Leigukúgildi hér eru engin, en hjáleigumaðurinn greiðir heimabóndanum tvo fjórðunga smjörs sem í hálfra leigna nafni eftir tvö kúgildi.
Kvaðir eru þriðjungur úr skipshlut úr hjáigubóndans eigin skipi fyrir það hann er frí um mannlán og má fara á sínumeigin bát þegar það hentar. Annars komi til dagsláttur eða jafnvirði fimm fiska þar á móti.
Kvikfénaður eru tvær kýr aflóga gamlar, og eitt hross.
Hægt er að fóðra eina kú ríflega en með viðbót afhrísi geta þær verið tvær.
Heimilismenn eru fimm.
Sölváfjöru og fjörugarðs nýtir hjáleigumaðurinn sér í landi hjáleigunnar.[3]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir um náttúrufar í landi í Óttarsstaða:

> Hægt er að fóðra fimm kýr eftúnið er gott, en ekki efþað er í órækt og úr sér vaxið eins og nú.
> Skóg til kolagerðar og eldiviðar sækir ábúandi í almenning án greiðslu. Skógurinn þó mikið eyddur og ekki mikið eftir af honum.
> Engjar eru ekki neinar á jörðinni.
> Selstöð (sel) á jörðinn í almenningi, þar eru góðir hagar, en lítið um vatn á þurrka sumrum.
> Hjáleiga I: Fórðast getur ein kú rýflega. Fénaður er að mestu á útigang.
> Hjáleiga II: Hægt er að fóðra eina kú ríflega en með viðbót af hrísi geta þær verið tvær[4]

Í Ömefnaskrá segir:

> Túnið á Óttarsstöðum var allstórt og var því deilt á milli bæjanna í Vesturbæjartún og Austurbæjartún. Kringum öll túnin var hlaðinn tvístæður túngarður, feikna mannvirki.
>
> Land jarðarinnar er hrauni þakið neðan frá sjó og upp til fjalls. Þetta er gamalt hraun og allgróið. Túnið á Óttasstöðum liggur meðfram sjónum. Norðurtún var sameiginlegt nafn á túninu frá húsi niður að sjó. Vestast í túninu er brekka sem heitir Þórhildarbrekka, svo er þar smá útfæringur nafnlaus. Þá er lægð í túninu nefnd Lágatún, þá er djúpur dalur í túninu sem nefndur er Kvíadalur, liggur þar austur eftir túninu, og mun draga nafn aflögun, en ekki að þarna hafi verið kvíar. Svo er langur bali sem heitir Leynir og norður afhonum heitir Stólpi. Við hann nokkuð austan bæjar er Kattahryggur, þá er Smiðjubali. Austan hans heitir Hálfvöllur, hafi nafn sitt af því, að þar var á mörkum vesturbæjartúns sem hér endaði og austurbæjartúns er hér tók við. Svo tekur við Maríugerði og að lokum Útfæringur.
> Kolbeinskot var hjáleiga eða þurrabúð við óttarsstaðvörina, Túnið sem lá áður undir Kolbeinskot var alltafkallað Kotatún, en túnið ofan sjávarbakkans var kallað Bakkatún.[5]

[3] Árni Magnússon og Páll Vidalln, Jarðabók 1703, m bindi. Bls. 160-163. Kaupmannahöfn 1923.
[4] Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók 1703, m bindi. Bls. 161-162. Kaupmannahöfn 1923.
[5] Ari Gíslason. Ömefaskrá-Óuarsstaðír, Gullbringusýslu. örnefnastofnun Íslands
[6] J Johnsen. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 91

Jarðabók Johnsens 1847 segir:

Óttarsstaðir í Áltfaneshreppi, í bændaeign, dýrleiki er 20 5/6 landskuld 1.5, kúgildi þrjú, einn eigandi að jörðinni og einn leiguliði. Jarðanúmer er 163.

Í skýringum segir: Þóað hvorki prestur né sýslumaður nefni hjáleiguna, er hún samt talin með meðfram vegna ábúenda tölu sýslumanns á öllum Óttarsstöðum, enda var hún byggð 1803.[6]

Túnakort frá 1917:
Óttarsstaðir 2 býli merkt n (norður) og s (suður)
Túnið holótt og grýtt, þó að miklu slétt og sléttað.
Heima, n 1.6 teigur. Kálgarður 1000 $m^2$.
Heima s 1. 6 teigur. Kálgarður 960 $m^2$.[7]

Þá segir einning á Túnakort að Nýjakot eða eins og stendur á Túnakortinu:
(Nýja?) Kotiðn 0.8 teigur Kálgarður 200 $m^2$
Kotið s 0. 7 teigur. Kálgarður 300$m^2$.

Þar sem Nýjakot kemur ekki fyrir í Örnefnaskrám, en Kolbeinskot er þar nefnd sem hjáleiga eða þurrabúð.
Vorið 1966 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að að nota heimild í 26. grein skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísuvíkurvegar. Sem lagður var undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr, 46/1964. Þar á meðal var jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarsstaðir II og Óttarsstaðagerði.[8]

**Heimildir:**

Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114.
Árni Magnússon og Páll Vidalín. Jarðabók 1703, III bindi. Bls. 161-162. Kaupmannahöfn 1923.
Ari Gíslason. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.
J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 91.
Túnakort 1917. Óttarsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Heimildarmenn:**
Birgir Sörensen. (16.01.57-3569) ættaður frá Óttarsstöðum vestri
Jónatan Garðarsson Lóuási, 220 Hafnarfjörður.
Lovísa Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðætt. Óttarsstaðir eystri.

[7]Túnakort 1917. Óttarsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands
[8] Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114

## Niðurstöður

**Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:**
**[...]hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.**

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Í Lögum um húsafriðun segir:
6. gr - Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918
Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.
Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar
Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.
Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Þessi Fornleifaskráning nær yfir fornleifar í landi Óttarsstaða neðan Reykjanesbrautar.

Þrátt fyrir þá miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á síðustu árum, hefur Óttarsstaðaland þá sérstöðu að vera ósnortið búsetulandslags í landi Hafnarfjarðar. Og vart hægt að finna viðlíka vel varðveitt búsetulandslag á öllu Íslandi.
En vegna næruveru álversins hefur íbúðabyggð ekki verið talin ákjósanleg í landi Óttarsstaða, og því hefur varðveist þessi óviðjafnalega heildarmynd af búsetu sem sýnir hvernig landið var nýtt af þeirri kynslóð sem bjó þar og lifði bæði til sjós og lands á 19. og 20. öldinni.

Fyrir utan það að sjá búsetulandslagið eins og það birtist okkur, með mjög heillegum minjum sem samanstendur af bæjarhól, íbúðarhúsum, útihúsum, tóftum, túngörðum, réttum, stekkjum, brunnum, vatnsbólum, vörðum, hellum, skjólum, túnum, sjóbúð, náttúruminjum, álagblettum og margskonar hleðslum sem tengist búskap, skepnuhaldi og sjósókn. Þá má ætla að undir sverðinum séu eldri minjar um fyrri búsetu í landi óttarsstaða. En heimildir eru frá 1447 um jörðina Óttarsstaði þar sem Einar Þorleifsson kaupir jarðir í Húnaþingi, en selur jarðir á Vatnaleysuströnd til Viðeyjarklausturs og 10/100 í Óttarsstöðum.
Jörðin er þá í eigu Viðeyjarklaustur, en varð síðan konungsjörð með siðaskiptunum.

Óttarstað kot er hluti af áttarstaðalandinu og er því hluti af búsetulandslagi Óttarsstaða sem heildar Það má því segja að þessi hluti landsins sé hluti af stærra landsvæði og ekki hægt að

skilja það frá, þar sem upphaflega hafi landið verið hluti af heimajörðinni Samkvæmt heimildum frá 1803 Óttarsstaðkot hjáleigu sem þá hefur verið stofnað til

Það sem ætti að vera mögulegt væri að varðveita þetta sem búsetulandslag sem heild til framtíðar þar sem þetta er einstakt tækifæri fyrir komandi kynslóðir sem hefur óumdeilanlega mjög mikið og stórt sögulegt gildi þar sem á Íslandi er ekki að finna slíka heildarmynd búsetulandslags frá þessum tíma. Þar sem svæðið er námunda við mesta þéttbýli landsins getur það nýst til margskonar útivistar og upplifunnar á náttúru og þessa vel varðveittu heildstæðu mynd af búsetuminjum sem ber að hlúa að til framtíðar.

## Samantekt á niðurstöðum

### Fornleifar flokkaðar eftir hlutverki skráðra minja.

**1 Bæjarhóll og íbúðarhús**
**2 Brunnar**
**3 Eyktarmörk**
**4 Götur**
**5 Hellar og skútar**
**6 Hleðlsur, garðar, fyrirhleðslur**
**7 Landamerki**
**8 Matjurtagarðar**
**9 Náttúrminjar, þjóðtrú**
**10 Réttir**
**11 Steinsteypa**
**12 Stekkir**
**13 Tóftir**
**14 Túngarðar**
**15 Umgjörðir, óskilgreint**
**16 Varir, uppsátur**
**17 Vörður**

**1 Bæjarhóll og íbúðarhús**
Eins og segir í örnefuskrá þá var löngum tvíbýli á Óttarsstöðum og voru býlin nefnd Efri-Óttarsstaðir eða Vesturbær og Neðri-Óttarsstaðir eða Austurbær.
Húsið Efri-Óttarsstaðir (l) eða Óttarsstaðir vestri var reist 1890.
Húsið Neðri-Óttarsstaðir (32) eða Óttarsstaðir eystri var reist 1885.
Samkvæmt Húsfriðunar lögum. 6. gr. segir:
Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara efþeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Þar með falla bæði þessi hús undir lög um húsfriðun og Þjóðminjalög um um röskun á fornminjum sem er bæjarhóllinn sem þessar byggingar standa á, ásamt bæjarhól Neðri-Óttarsstaða (26).

Samkæmt skilgreiningu Fornleifaverndar ríkisins á eftirfarandi við um Bæjarhól:

> Hann samanstendur af hól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkra metra þykkir.
> Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar Bls. 23-24. Fornleifavernd ríkisins 2008.

Samkæmt viðmiðumarreglum Fornleifaverndar ríkisins er ekki talið æskilegt að jarðrask sé nær friðuðum eða mildvægum minjastað en í 20 m fjarlægð frá ytri brún viðkomandi fornleifar.

**1 Bæjarhóll, bæjarstæði**

Undir þessa reglu fellur bæjarhóllin þar sem er bæjarstæði Óttarsstað-eystri, en nýtt hús var reist neðar í landinu 1885. Á gamla bæjarhólnum er ein bygging uppistandandi, en það er grjóthlaðin tóft sem síðast var notuð sem fjós og hlaða. Ekki er hægt að greina aðrar byggingar á bæjarhólnum.

Því er ljóst að allt jarðrask í og við bæjarhólana í landi Óttarsstaða er óheimil nema að undangengnu leyfi, forsögn og áliti frá Fornleifavernd ríkisins.

Að auki er óheimilt að hrófla við húsunum á Óttarsstöðum eystri og vestari, nema með fengnu leyfi Húsafriðunarnefndar ríkisins sem er löggildur umsagnar aðili varðandi friðuð hús.

**2 Brunnar / rotþró**

Í búsetulandslaginu þarf að vera aðgengi að vatni og hefur það verið hluti af vænlegri búsetu að hafa aðgang að því. Brunnar hafa verið hlaðnir við bæjarstæði Óttarsstaða. Þar að auki eru brunnar og/eða vatnssöfnunar staðir víða um landið.

Þessir vatnssöfnunarstaðir og brunnar geta því verið í hættu vegna framkvæmda.

Við Óttarsstaði vestari er bunnur (4) í suðvestur horni heimatúngarðsins.

Brunnur (7) er í Kvíadal sem er við suðausturvegg túngarðsins

Við Óttarsstaði eystri eru fjórir brunnar.

Og í jarðfalli sunnan við húsið eru tveir brunnar (36, 39).

Þá er brunnur (37) suðaustan við húsið

Og annar brunnur (38) norðaustan við húsið.

Aðrir brunnar

Í vestur frá húsinu er svæði sem kallað er Vatnagjá, En þar eru hleðslur (59) fyrir vatnssöfnun.

Brunnur (133) í Óttarsstaðalandi við Kotabót, hleðslur ekki sýnilegar, en innan í brunninum eru uppraðaðir tunnustafir, sem halda opinu opnu.

Brunnur, (138), óljósar hleðslur í brunninum, sem er við sumarbústað vestan við landamerki Straums og Óttarsstaða.

Annað heiti yfir brunn er rotþró.

Í norður Frá óttarsstöðum eystri er brunnur/rotþró (35) við hliðina á eldhúsbyggingu. Heimild á túnakorti frá 1917.

**3 Eyktarmörk**

Eyktarmörk eru kennileiti í landinu sem sem segja til um gang sólar og segja til um tíma dagsins fyrir þá sem á jörðunni bjuggu. Í óttarsstaðarlandi eru það vörður, klapparhólar og hæðir sem segja til um tímann.

Vörður sem eyktarmörk eru: Miðmundarvarða (22), Miðaftansvarða,(58) Hádegishæðarvarða (108). Þessar vörður standa allar nokkuð hátt í landinu, en við framkvæmdir geta þær verið í hættu.

Náttúrulega eyktarmörk eru Nónhæð (23) sem er klapparhóll austan við Óttarsstaði, og Náttmálhóll (54) er klapparhóll, niður við sjó, austan við Vesturtúngarð. Þessi kennimörk geta

vissulega verið í hættu við framkvæmdir, en hægt væri að taka tillit til þessara gömlu kennimarka við framkvæmdir á viðkomandi svæðum.

Meðfylgjandi er kort af eyktarmörkum Óttarsstaða.

## 4 Götur

Ótal götur (147) og stígar liggja um land óttarsstaða, þessir stígar og götur hafa ekki verið nákvæmlega mældir inn. En staðkunnungur hefur fært helstu leiðir inn á meðfylgjandi kort. Ef það verður þannig að í land Óttarsstaða muni eiga sér stað framkvæmdir sem yrðu til þess að notkun landsins breyst til muna og götur og stígar mundu hverfa, væri æskilegt að götur og stígar verði mældir inn nákvæmlega með tækjum sem hægt yrði að setja i tilheyrandi gagnagrunn, til frekari varðveislu.
Það væri líka verðugt verkefni að gera slíkt, þó svo að Óttarsstaðalandinu verði hlíft við framkvæmdum.

## 5 Hellar og skútar

Hraunið gefur möguleika á að nýta skúta og hella fyrir fénað og fólk. Það hefur verið gert af útsjónarsemi og hagleika í landi Óttarsstaða.
Hellar eða skútar sem eru í beinni hættu ef jarðrask á sér stað á viðkomandi svæði. Hellir með hleðslum (78) sem var fjárskýli.
Þá er Sjónarhólshellir (79) sem var fjárskýli einnig í hættu, en við hann eru hleðslur.
Sigurðarskúti (110) er fjárskýli með hleðslum fyrir framan skútann og er í hættu við framkvæmdir.

## 6 Hleðlsur, garðar, fyrirhleðslur

Um allt skráningasrsvæðið eru hleðslur sem hafa gengt hinum ýmsum hlutverkum til hagræðingar fyrir þá sem nýttu landið og sjóinn. Þessar hleðslur geta verið í hættu ef til framkvæmda kemur á svæðinu, en það má segja að allar þessar ólíku hleðslur tengi saman búsetulandslagið, þó ein og sér hafi hver hleðsla minna vægi.

Fjárskýli (6) sem er hlaðið við innri austurhlið í túngarð Efri-Óttarsstaða, þá er annað fjárskýli, (42) sem er við landamerki Óttarsstaða og óttarstaðakots, og fjárskýli (44) sem fyrirhleðsla við klettagjá.

Heygarður (30) sem hefur grjóthlaðna veggi og er styrktur með steinsteypu, er á milli Efri- og Neðri-Óttarsstaða.

Í örnefnaskrá segir að rétt norður frá Neðri-Óttarsstöðum liggi smá rani og við enda hans smá túnblettur með grjóthleðslu í kring Rúnugerði (43), hleðslur túnblettsins hafa hrunið en bletturinn þó afmarkanlegur þó lítill sé.

Hrundar hleðslur fjárgerðis (56) eru vestan við Vestutúngarð, af hrundum hleðslunum má sjá að þarna hafa verið all miklar hleðslur. Að fjárgerðinu hefur verið hlið á Vesturtúngarði, svokallað Fjárhlið (55)

Ofan við Óttarsstaðakot og ofan vegar að Óttarsstöðum má ætla að það hafi verið kvíar (81) þar hefur vegurinn að Óttarsstöðum verið lagður yfir hluta að hleðslunum, en þær hleðslur sem eftir eru nokkuð vel afmarkaðar. ). Aðarar kvíar, (87) þar sem eru signar hleðslur utan túngarðs Óttarsstaða, sunnan og ofan við Eyðibýlið. Þar sem er nú vestasti sumarbústaður í landi Óttarsstaða. Garðlag (111) við Sigurðarskúta til aðskilja frá fénu í skútanum.

Margskonar fyrirhleðslur er að finna á svæðinu, þessar hleðslur hafa varnað því að skepnur festist í klettum og skorningum. Fyrirhleðslur (8, 76, 107, 135, 145) í klettagjám. Þá eru Vörslugarðar, sem eru hlaðnir í úthaga til varnar ágangi búfénaðs. (134, 136, 137).

Á Fiskhól eru hlaðnir garðar, herslugarðar, (49, 50, 144) en á Fiskhól er einning tóft sjóbúðar (48). Við fiskverkunarhús ofan við Ottarstaðakot eru garðar (82), herslugarður og/eða heimatúngarður. Og í Hranfagjá eru hrundar hleðslur fiskbyrgis (86).Herslugarður (131) í Kotabót.

Þá eru hleðsluveggir sem hafa verið til stuðnings öðrum byggingum eða vegna framskriðs landsins. Þar er hleðsluveggur við fjárhús (15), Hleðsluveggur (34) sem styður við vegslóða, við eldhús Neðri-óttarsstaða. Hleðslugarður (129) sem stuðningur við landskrið þar sem áður stóð sumarhús.

Hleðslugarðar, garðlög sem að virðast ekki hafa greinileg hlutverk eru nokkrir, hleðslugarður (47). Íjarðfallinu þar sem er kúaréttin (145) er garðlag (112) sem lokar af jarðfallinu.

Þá er garðlag (88) sem liggur við Kvíarnar (87), virðist vera til afmörkunnar á landinu. Hleðsluveggir (60) hrundir veggir að mestu með T-laga hleðslu sem er nokkuð heilleg, hlutverk þessarar hleðslu gæti tengst fjárbúskap.

Hrundar hleðslur( 63) í smá viki í lágum klettum, þarna gæti hafa verið byrgi. Ótvírætt byrgi (93), hleðslur hafa hrunið og eru mosavaxnar en byrgið vel afmarkað í landinu.

Nýlegar hleðslur sem liggja nálægt sumasrbústöðum í landi Óttarsstaða eru, skeifulaga hleðslugarður (89), hleðslur (91) sem eru hrundar, notkun óþekkt.. Undirhleðslugirðing (92) við bústað, afmarkar land hans. Undirhleðslugarður (147) er frá landamerkjum Straums inn í Óttarsstaðaland í norður frá landamerkjavörðu (146).

Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir byggði sumarbústað í landi Glaumbæjar sem síðar varð barnaheimili. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs. Hleðslur, lautarbollar (96,97) eða skjól. Hleðslur sem undirstöður undir vatnstank (100.), og seinahleðsla, garðlag (104) sem liggur óreglulega um landið í suður frá bæjarstæðinu.

## 7 Landamerki

Landamerki á skráningarsvæðinu í landi Óttarsstaða eru landamerkjagarðar, vörður, og náttúruleg kennimörk. Þessi einkenni eru víða um landið, og gætu því verið í hættu við framkvæmdir.

Landamerkjagarður (80) upp undir Reykjanesbraut, á mörkum Óttarsstaða og Lónakots eru leifar af hlöðnum landamerkjagarði sem að hluta til liggur í gegnum klettagljúfur. Landamerkjagarður (139) er á mörkum óttarsstaða og Straums. Garðurinn er nokkuð sigin en vel sýnilegur. Hægt að fylgja garðinum frá sjó í gegnum skráningarsvæðið upp að Reykjanesbraut, þar sem hann síðan heldur áfram. Garðurinn sýnir skýr landamerkijarðanna. Báðir þessir garðar gætu verið í hættu vegna framkvæmda, þá sérstaklega garðurinn sem er á milli Óttarsstaða og Straums, þar sem hann liggur yfir lengra svæði og hefur ekki stuðning af landinu.
Markhelluhóll (140) liggur í grasivöxnu lægardragi út við sjó á mörkum óttarsstaða og Straums, um hann liggja mörkin. Við framkvæmdir við sjávarborðið gæti Markhelluhóll verið í hættu. Frá Markhelluhól liggur ofan nefndur Landamerkjagarður (139).
Landamerkjavörður (62, 64, 67,68,) eru á mörkum Óttarsstaða og Lónakots, vörðurnar eru frá sjó og upp undir Reykjanesbraut. Ef til framkvæmda kæmi á skráningarsvæðinu gætu þessar vörður verið í hættu.
Landamerkjavarða (146) er á mörkum Straums og Óttarsstaða vestan við húsin á Straumi.

## 8 Matjurtagarðar

Fyrstur til að rækta kartöflur á Íslandi svo vitað sé var Svíinn Friedrich Wilhelm Hastfer (1722-1768).Fyrsta uppskera íslenskra kartaflna leit dagsljósið á Bessastöðum sumarið 1758.

Lítið er annars vitað um ræktun Hastfers og hann minnist ekki á hana sjálfur í bréfum sínum. Sama ár skrifaði Björn Halldórsson í Sauðlauksdal til Danmerkur og pantaði þaðan kartöflur (sem hafa þá sennilega enn verið lítt þekktur ávöxtur þar í landi). Útsæðið barst honum ekki með skipi fyrr en í ágúst 1759 en með því að setja þær í ker með mold tókst honum að fá smælki undan þeim í október. Haustið 1760 tókst Birni því að fá góða uppskeru af kartöflum. Sama ár hóf Guðlaugur Þorgeirsson prófastur á Görðum á Álftanesi kartöfluræktun og 1762 segist Eggert Ólafsson hafa séð stórar kartöflur hjá honum. Um sama leyti hóf Jón Bjarnason, prestur á Skarðströnd, kartöflurækt sem og Davíð Hansson Scheving sýslumaður í Haga á Barðaströnd. Kartöflurækt og önnur garðyrkja varð þó ekki algeng á Íslandi fyrr en í upphafi 19. aldar og áttu Napóleonsstyrjaldirnar 1807-1814 og stopular siglingar til landsins á þeim tíma mikinn þátt í því.Heimildir: Kartafla - Úr Wikipediu, frjálsa alfræðiritinu

Í landi Óttarsstaða eru matjurtagarðar. Samkvæmt Túnakorti frá 1917 eru sýndir matjurtagarðar í kringum bæjarstæði Efri-Óttarsstaða. Mörk þeirra eru í dag óljós er sumir þeirra sjást ennþá Við framkvæmdir gætu þeir verið í hættu, og væri jarðvegssýnataka þá æskileg, til athugunar á ræktunarsögu garðana.
Matjurtagarður (5) við Efri-Óttarssaði, innan heimatúngarðs, undirhleðslugarður á suður- og austurhlið, matjurtagarðurinn er nú sléttaður og graisvaxinn. Ætla má að hann hafi verið í notkun frá Efri Óttarsstöðum sem var byggt 1890.
Matjurtagarður, (126), Eldri matjurtagarður Hleðsluveggir mjög grasivaxnir, og nokkuð ójósir, en samt hægt að sjá legu garðveggjana.
Í landinu þar sem Barnaheimilið Glaumbær var rekið um miðja síðustu öld. Eru matjurtagarðar tilheyrt starfseminni þar, eða verið frá tíð Teódórs Mathisen. Matjurtagarður (98) við Glaumbæ, grasivaxin skeifulag kantur í kringum hann. Matjurtagarður (99) við við Glaumbæ, með graisvöxnum kanti á þrjá vegu, fjórða hliðin er hæðardrag.

Þá er lítill nýlegur gróðurreitur (90) með hlöðnum grasivöxnum kanti í hálhring út frá hæðardragi sem er í suður frá sumabústað sem er í suður frá austasta bústað ofan vegaslóðans að Óttarsstöðum..

**9 Náttúrminjar, þjóðtrú**

Þjóðtrú og þjóðsögur eru stór þáttur í búsakparlandinu. Óttarsstaðaland er þar engin undantekning. Kemur það fram í heimildum og frásögnum að menn hafi borðið virðingu fyrir slíkum stöðum og börnum kennt að taka tillit til þess í leik og starfi og vera ekki með mikinn hávaða. Því annars hlytist illt af

Álfakirkja (10) er einn af þessum stöðum. Þar átti huldufólk að hafa verið og ekki mátti hreyfa þar við strái. Stólpi var líka nafn á álfakirkjunni sem er magsprungin klettur. Maríugerði (12), nafnið bendir til að þarna hafi verið gerði, en Maríunafnið bendir til kristilegrar tengingar. Þarna er nú grasivaxið nokkuð slétt svæði, án allra einkenna.

Legstaður (12) í örnefuskrá segir að þarna hafi menn talið að væri leiði og hefur sú trú haldist fram á daginn í dag. En þarna eru miklar grasivaxnar þúfur í landinu.

Bogafar (61), í örnefnaskrá segir að slokknað hafi á ljóskerjum þeirra sem áttu leið um Bogafar. Og var það kennt um einhverju dularfullu.

Við framkvæmdir gætu þessar náttúrminjar sem tengjast þjóðtrú og sögum verið í hættu. Hvort sem það svo verður metið í hindurvitnum, framkvæmdum, eða friðun fer eftir áherslum framkvæmdaaðila og/eða lagaumhverfi þeirra sem ákvarðanir taka, hvað á að ganga langt í þjótrúnni.

**10 Réttir**

Réttir eru hluti afbúsetulandslaginu þar sem hefur verið stundaður fjárbúskapur. Miðað við þær réttir sem er að finna á skráningasvæðinu hefur mikið verið lagt upp úr fjárbúskap í landi Óttarsstaða. Þar eru réttir mikil mannvirki og hafa staðið vel í gegnum tíðina, og standa enn, þó hafa sumar orðið fyrir ágangi manna og landeyðingu. Þá er réttt sem heitir Kúarétt, sem er í allmikilli grösugri gjá, þar voru hafðar kýr og þær mjólkaðar í réttinni, og mjólkin síðan flutt til bæjar. Veggjahleðslur er allar eru mun meiri en í fjárréttunum. Ef kemur að framkvæmdum gætu réttinrar orðið í hættu, en þær eru mjög dreifðir um skráningarsvæðið.

Stóra réttinn (21), Hleðslur að mestu heillegar, en þó aðeins hafi hrunið úr veggjum er réttin í sérflokki varðandi, útsjónarsemi og hugkvæmi í að nota náttúrulega lagað landið og umhverfið til mótunnar á hleðslum þessa mikla mannvirkis

Langabakkarétt (52) er rétt sem er niður við sjávakambinn, hleðsluveggir hennar hafa hrunið, og eyðst nokkuð af ágangi sjávar, en sá hluti hennar sem ennþá stendur er vel afmarkaður í landinu. Réttin var notuð sem sláturrétt á haustin.

Jakobsvörðurétt (70) í örnefnaskrá segir að réttinn sé ævagömul, það má sjá á hleðslum að þær eru mjög mosavaxnar, veggir signir en þó vel afmarkaðir.Við réttina er Jakobsvörðustekkur ( 65) og Jakobsvarða (69).

Haustrétt (120) er hlaðin inn í smá klettabelti, þar sem náttúruleg lögun klettana hefur verið notað til stuðnings hleðslum réttarinnar. Hleðslugrjót hefur verið fjarlægt úr réttinni, en lögun hennar er þó nokkuð heilleg þrátt fyrir það, og hún sést vel í landinu.

Kúarétt (145), eins og nafnið bendir til var réttin notuð fyrir kýr, og eru hleðsluveggir réttarinnar mun þykkari og meiri en í fjárréttnum.

**11 Steinsteypa**

Steinsteyptar gólfplötur (95,119,128,132) eru víðsvegar í landinu, þar sem áður hafa staðið hús eða skúrar. Hér er ekki um eiginlegar fornminjar að ræða en sýna hvar byggingar hafa staðið og sýna landnotkun á svæðinu.

## 12 Stekkir

Eins og réttir eru stekkír er hluti af búsetulandslaginu eins og svo margt annað tengt fjárbúskap í Óttarsstaðalandi. Hægt hefur verið að nota náttúrulega kletta og hraunmyndanir til að hlaða fyrir framan skúta, eða smá vik sem veita skjól. Við framkvæmdir yrðu þessir stekkir í hættu, en þeir eru dreifðir um landið.
Stekkur (20) signar fyrirhleðslur í lægð í landinu, undir lágu klettabelti.
Þá er stekkur (24) í námunda við stóru réttina (21), hann er haganlega hlaðinn inni í klettabelti.
Stekkur (57) er hlaðin undir vik í klettabelti sem slútir fram fyrir sig og veitir skjól, hleðslur nokkuð signar en vel afmarkaðar.
Stekkur (65) er í klettagjá sem afmarkar breidd stekksins, en endahleðsluveggur hans liggur að undirhleðslugirðingu, en inngangur eru náttúrlegir steinar með stuðning af hleðsu.
Jakobsvörðustekkur (65) er stekkur frá Jakobsvörðurétt (70) við réttina en utan sjónmáls frá henni, hleðsla samhliða klettabelti sem slútir aðeins fram fyrir sig og veitir skjól. Bæði réttin og stekkurinn eru vel staðsett, og staðsetning gerð afútsjónarsemi og hagleik.
Stekkur (75), náttúrleg klettamyndun er umgjörð um stekkinn, en hleðsluveggir loka rýminu, svo úr verður haganlega afgirt rými.
Stekkur (94), þar sem hlaðið hefur verið fyrir gjá í klettabelti. Hleðslur hafa hrunið, en sýna þó vel legu hleðsluveggsins.
Stekkur (101) allt að því hringlaga hleðslur sem hlaðnar eru út frá lágu hraundragi, Hleðslur heillegar, en aðeins hrunið í inngagninn.
Stekkur (123) er hlaðin norðan megin utan í Austurtúngarð. Grasivaxin en hleðslur sjást þó allvel.
Stekkur (125) er í dæld eða jarðsigi þar má greina smá steinahleðslu á einni hliðinni.
Stekkur (127) hlaðinn utan í túngarðinn sem skilur að Austur- og Vesturtún. Hleðslur nokkuð hrundar, og alkyns drasl hefur safnast fyrir innan við hleðslurnar.

## 13 Tóftir

Tóftir eru margar í landi Óttarsstaða og hafa þær gengt hinum ýmsu hlutverkum, þar sem landið hefur gefið skilyrði fyrir fjölbreytilegum búskaparháttum. Góður aðgangur að sjávarog hraungrjóti hafa auðveldað mönnum að hlaða þau mannvirki sem komu að notum við dagleg störf Ef að kemur til framkvæmda í landi óttarsstaða þá eru tóftir mjög dreifðar um landið og gætu því margar þeirra verið í hættu. Ágangur sjávar hefur líka eytt tóftarhleðslum sem liggja nálægt sjónum og mun gera það áfram.

Grjóthlaðin tóft (3) sem var hlaða frá Efri Óttarsstöðum. Heillegar veggjahleðslur, en þakið hefur hrunið í tóftina. Sambyggt við hlöðuna að vestan, er L-laga tóft sem var fjós, veggjahleðslur eru mjög grasivaxnar.
Í ömefnskrá segir að í Smiðjulaut (9) hafi verið smiðja þar sem hún á að hafa staðið er nú grasivaxinn laut, og ekki hægt að merkja neinar hleðslur á yfirborði.
Fjárhústóft (14) er hlaðinn inn í smá hól undir klettabelti, hleðslur vel sýnilegar á innveggjum, þakið sem er úr bárujárni hefur hrunið yfir tóftina.
Hrútakofi (16) sem er hlaðin utan í Suðurtúngarðinn, og er um 2-3 m vestan við bárujárnsklætt fjárhús.(17) sem hefur annan langvegginn grjóthlaðinn.

Skeifulaga tóft (19), fjárhús, innveggir hafa verið hlaðnir inn í hól og standa vel með stuðningi frá hólnum, framhlið hefur verið úr timbri en er horfin að mestu, Seinnitíma notkun á tóftinni hefur verið undir vinnutæki, sög.
Grjóthlaðin tóft (27) á bæjarhólnum Neðri-Óttarsstaða (26) sem er það eina sem stendur eftir af gamla bænum, en nýi bærinn var byggður 1885. Tóftin var síðast notuð sem hesthús og hlaða.Veggir standa vel, en halla aðeins út á við.
Tóft (29) sem er hlaðin utan í túngarðinn sem liggur að gamla bæjarstæðinu á Neðri-Óttarsstöðum, Hleðslur tóftarinnar eru L-laga út frá túngarinum en hann er önnur langhlið tóftarinnar. Hleðslur vel sýnilegar að innanverðu, en grasivaxnar að utan.
Grjóthlaðin tóft (33), var eldhús frá Óttarsstöðum vestri Veggir standa vel en þakið hefur hrunið yfir tóftina.
Undir brúnum jarðfalls sem er vestan við Óttarsstaði vestri er tóft ( 40) sem er hlaðin að hlið jarðfallsins. Veggir standa nokkuð vel, þakið hefur hrunið yfir tóftina.
Litlikofi eða Tótukofi, tóft (41) veggir standa nokkuð vel, inngangur afmarkaður.
Við mörkin milli Efri - og Neðri-Óttarsstaða er smiðjutóft (45) þykkir og miklir grasivaxnir hleðsluveggir afmarka tóftina.
Út við sjávarmálið að stórgrýttri fjörunni neðan við Neðri-Óttarsstði er sjóbúðartóft ( 48), að hluta til hlaðinn inn í klettagjá, hleðslur heillegar, en gæti verið í hættu vegna sjávargagngs.
Langabakkahús (51) var fjárhús sem stóð niður við sjávarkambinn, þó ekki sé um eiginlega tóft að ræða eru nokkuð vel afmarkaðar útlínur veggja sem liggja í sömu hæð og landið. Í örnefanskrá segir að Langabakkahús hafi verið rifið, svo veggir einir stóðu eftir, en þeir hafi farið í stórflóði, líklega 1957. Þessar veggjaleifar gætu verið í hættu vegna sjávargangs. Torfhús (53) fjárhústóft, tóftin er grasivaxin að utan, en hleðslur sjást vel innan í tóftinni.. Tóftin er stæðilega og sker sig vel úr nokkuð sléttu landinu neðan bæjar í átt til sjávar.
Lítil grjóthlaðin tóft (83) veggjahleðslur lágar og grasivaxnar.
Grjóthlaðnir tóftarveggir (102) sem hlaðnir eru út frá klettabelti, veggir signir en vel afmarkaðir, vegaslóðin sem liggur að svæði Glaumbæjar hefur að hluta til verið lagður yfir framhlið tóftarinnar.
Tóft (113) óljósir skeifulega tóftarveggir mjög grasivaxnir.
Fjárhús/smiðja/bátaskýli, tóft (118) hlaðin að hluta til úr grjóti, þá hafa verið steyptir veggir innan um veggjahleðslumar. Tóftarhleðslunar hafa því verið aðlagaðar notkun og efnisvali í gegnum lengri tíma.

## 14 Túngarðar

Túngarður er garðlag utan um tún að hluta til eða öllu leyti. Túngarðurinn getur afmarkarð heimatúnið sem oft hafði matjurtagarð og túnblett, innan garðs, frá slægjulandinu sem einnig gat verið afgirt frá úthaganum. Þá geta verið hlaðnir garðar sem afmarka vissa hluta landsins frá, vegna sérstakra notkunnar. Vegna þess að garðarnir eru mjög víða í landinu, verður að gæta þess að við framkvæmdir geta þeir horfið eða eyðilagast..
Heimatúngarður (2) Efri-Óttarsstaða afmarkar heimatúnið og landið kringum bæinn., vel afmarkaður og heill.
Í örnefnskrá segir að túnið á óttarsstöðum sem var allstórt hafi verið hlaðinn tvístæður túngarður feiknamannvirki. Þessir túngarðar (13, 121, 141,) eru Suðurtúngarður sem afmarkar suðurhluta Óttarsstaðalands, Austurtúngarður, vel afmarkaður garður sem liggur í sveig frá Óttarsstaðakoti til austurs, og Vesturtúngarður sem afmarkar landið til vesturs með Vesturtúngarðshliði. Túngarðarnir standa ennþá vel þó vissulega hafi hrunið úr þeim, en það má taka undir með örnefnaskrá að þetta hafa verið og eru feiknamannvirki.
Túngarður (28) liggur um gamla bæjarhólinn á Neðri-Óttarsstöðum er vel afmarkaður í landinu og heillegur.

Út frá túngarði nr. 28, liggur breið og mikil garðhleðsla, (31) þessi hluti gæti hafa þjónað því að vera túngarður, og jafnframt verið gönguleið fyrir þá sem áttu leið á milli bæjanna. Túngarður (103) sem liggur í kringum svæðið þar sem var meðal annars barnaheimili Glaumbær. Það var upphaflega sumarbústaður Theódórs Mathiesens (1907-1957) læknis. Það má því ætla að garðurinn sé frá tímum Theódórs.
Sunnan við Óttarstaðakot er L-laga undirhleðslugarður (84) sem fylgir landinu um smá hæðardrag.
Þá er undirhleðslugarður (85) við sumarbústað ofan við Óttarsstaðakot, ofan við bústaðinn liggur siginn og mosavaxinn túngarður í landinu, innan hans má finna kvíar (87).

**15 Umgjörðir, óskilgreint.**
Grasivaxnir kantar sem afmarka svæði sem er óskilgreint. En geta verið í hættu ef jarðrask eða framkvæmdir eiga sér stað. Tveir óljósir hringlaga graisivaxnir veggir (18).

**16 Varir, uppsátur**
Þar sem Óttarsstaðalandið liggur að sjó, hefur þaðan verið róið. Um það vitna örnefni viðkomandi sjósókn og fiskverkun. Vör sem er vart sýnileg í dag, vegna ágangs sjávar er vörin Gamla vör (115) og Gudduvör (116) er en sýnileg. Þá er Skiparéttin (117) að mestu horfin en eftir eru óreglulegar steinahrúgur sem leifar réttarinnar.
Óttarsstaðavör (114) er en sýnileg, en stöðug brýtur sjórinn landið, og við einhverjar framkvæmdir við sjávarborðið hverfur hún.

**17 Vörður**
Um allt land Óttarsstaða standa vörður, vörðubrot, eða fallnar vörður sem hafa haft hlutverki að gegna í búsetulandslaginu. Ásamt vörðum sem nýlega hafa verið hlaðnar af vegfarendum. Ef framkvæmdir verða á skráningarsvæðinu gæti farið svo að margar afvörðunum yrðu í mikilli hættu.
Vörður (22, 58, 108,) eru Eyktarmörk frá Óttarsstöðum.
Landamerkjavörður (62, 67) þær eru á landamerkjum Lónakats og óttarsstaða. Þetta eru fallega hlaðnar vörður sem sjást vel í landinu.
Í vestur frá húsunum í Straumi er landamerkjavarða á mörkum Straums og óttarsstaða (146).
Girðingarvarða (64) frá 1890 lítil varða um hana hefur verið sett trégrind sem gæti verið yngri en vörðuhleðslan.
Vörður, vörðubrot (72, 73, 74, 77) eru kennimörk án heitis í landinu sem hafa verið til leiðbeiningar þeim sem áttu leið um landið.
Vetarleiðavarða (68) fallega hlaðin varða, hefur sömu lögun og sýsluvegavörður.
Leiðavarða (148) er vestan við húsin á Straumi. Liggur um Vetrarleiðinna.
Jakobsvarða ( 69) er kennimark sem er nafngreind, varðan vísar á Jakobsbrétt og stekk sem liggur lítið eitt lægra í landinu en varðan.
Skógarstígsvarða.(105) leiðavarða, fyrir þá sem fóru Skógarstíginn.
Sigurðarvarða (106) er á Sigurðarhæð sem vísar á Sigurðarhelli (144).
Varðan Ingveldur (66) er sérlega falleg og vel hlaðin varða sem er austan við Sjónarhólsvörðu (67) sem er á landamerkjum óttarsstaða og Lónakats.
Varða (109) er nýlega hlaðin varða.
Varða (25) virðist vera nýlega hlaðin, en hennar er ekki getið í heimildum, gæti verið ein af þessum vörðum sem menn hlóðu sem kennileiti fyrir sig á leið um landið og staðið lengi.

Í Örnefnaskrá segir að Karstensvarða (122) sé horfin. Ekki er hægt að staðsetja hana í dag.

Kotaklifsvarða (143) var skráð af Fornleifastofnun 2000 vegna lagningar Reykjanesbrautar. Án þess að það hafi verið skráð sérstaklega eru í landinu ótal fleiri vörðubrot sem eru einn-tveir-þrír- fjórir steinar. Þessi vörðubrot hafa safnast upp í landinu í gegnum árin, hlaðin af þeim sem áttu leið um landið og hafa varðað sína eigin leið.

**Heimildir:**

Ari Gíslason. Örnefuskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Árni Magnússon og Páll Vidalín. Jarðabók 1703, III bindi. Bls. 160-163. Kaupmannahöfn 1923.
Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114.
Gísli Sigurðsson. Örnefnskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.
Íslenzkt fornbréfasafna D.I.IV. 739 Kaupamannahöfn /Reykjavík. ................1857-1972.
J Johnsen. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 91
Túnakort 1917. Óttarsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Heimildarmenn:**

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfjörður.
Lovísa Ábjörnsdóttir af Óttarsstaðaætt.

**Kort:**

Götur og gamlar leiðir. Jónatan Garðarsson.
Eyktarmörk í landi Óttarsstaða: Lovísa Ábjörnsdóttir




1:2000

**Túnakort 1917**
**Óttarsstaðir og Óttarstaðkot**
**2 býli merkt n. og s. Tvískift (Nýjakot með Óttarsst.)**




Eyktarmörk Óttarsstaða
Kort: Lovísa Ásbjörnsdóttir 2009




**ÓTTARSSTAÐIR**

**Götur og gamlar leiðir**

**Mkv. 1: 10.000**

# Óttarsstaðir

163/1

**Heiti** .................................................. Efri - Óttarsstaðir/V esturbær 205
**Tegund** ................................................ Hús
**Hlutverk** ........................................... Burstabær
**Gps-hnit** ............................................. N 064°02.764' W 022°03.884'
**Aldur** .................................................. 1902
**Ástand** .............................................. Ágætt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................. Nei

**Staðhættir**

Bærinn stendur innan garðs í miðju túni óttarsstaða.Á túnakort frá 1917 má sjá að í kringum bæinn hafa verið matjurtagarðar, eða kálgarðar eins og kortið segir til um.

**Lýsing**

Óttarsstðir vestri er þriggja bursta timburhús.
Allt í kringum bæinn er upphlaðin garður, hleðsluhæð um 0.75 eða lægri. Innan garðsins hefur verið matjurtagarður sem liggur að brunninum sem er við norðvesturhorn túngarðsins. Matjurtagarður hefur einnig verið út frá austurhlið bæjarins.

**Athugasemdir**

Þegar örnefnaskráin er gerð er sagt að Efri-Óttarsstaðir, Vesturbær, standi enn, en Neðri-Óttarsstaðir hafi verið rifinn um aldamótinn (l899-1900).
Lovísa Ásbjörnsdóttir: Ábúendasaga Óttarsstaða- Ragnheiður Hannesdóttir (1843-?) fædd í Kaldaðarnessókn og Sigurður Jónsson (1842-1875) fæddur í Stokkseyrarsókn, lést 27. október 1875 úr lungnabólgu. Þau giftu síg 1870, og tekið fram að morgungjöf var 60 ríkísdalir. Þau bjuggu að Björk í Grímsnesi
Þau eignuðust fjögur börn, Guðjón (1871-1951), bjó fyrst á Óttarsstöðum og síðar að Pálshúsum í Garðahverfi, var þar hreppstjóri
Hannes (1873-1957), Sigriður (1874-1902) Sigurður Kristinn (1875-1955) fæddur 15 nóv. en faðir hans hafði látist 18 dögum áður."
Ragnheiður giftist aftur Guðmundi Jónsson (1847-?) sem er fæddur í Bessastaðasókn. Þau eru skrá í sókninni (Bessastaðasókn) 1883 ásamt börnun Ragnheiðar. Þau gifta sig 1885, og áttu tvö börn, ungbarn sem dó, og Þorbjörgu (1876-1899), sem síðan giftist Guðjóni Tjörvasyni sem lést ungur úr lungnbólgu. Þau áttu eina dóttur Þorbjörgu sem alin var upp hjá Guðjóni Sigurðssyni, hreppstjóra í Garðahverfi. Búskapur lagðist af 1965, síðan hefur bærinn verið sumarhús
Ábúendatal Óttarsstaða-vestari 1890:
Guðmundur Jónsson bóndi (44) Ragnheiður
Hannesdóttir kona hans (49) Þorbjörg (14)
Guðjón Sigurðsson (19)
Sigriður Sigurðardóttir (16)
Sigurður Kr. Sigurðsson (15)
Kolbeinn Kolbeinsson (19)
Guðmundur Jónsson (16)
Sveinn Lárusson (34)
Kristrún Ketilsdóttir (23)
Ábúendur 1899-1901
Guðmundur Jónson bóndi (53) Ragnheiður
Hannesdóttir (kona hans (47) ???
Ábúendur 1912:
Guðjón Sigurðsson hreppstjóri (41)
Jósefina Jósefsdóttir kona hans (47)
Jósep {13), Guðmundur (6)

Ragnheiður Hannesdóttir með búandi (69)
Þorbjörg Guðjónsdóttir d.dóttir (13)
Ragnheiður Jósefsdóttir vinnukona (23)
Margrét R. Stefánsdóttir ómagi (49)
Gísli Guðjónsson vinnumaður (21)
Jósep Gunnlaugsson lausamaður (50)
Birgir Sörensen: Föst búseta var í húsinu til 1965. Síðan var það notað sem sumardvalrstaður fram til 2000.

## Heimildir

Birgir Sörensen ættaður frá Óttarsstöðum vestri viðtal í janúar 2010.
Gísli Sigurðsson. Örnefaskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Lovísa Ábjörnsdóttir af Ottarsstaðaætt. viðtal 1 desember 2007 og óútgefið efni.
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.


Horft til vesturs að Óttarsstöðum vestri.


Horft til vestur, hleðsluveggur við húshlið.

museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/2

**Heiti** .................................................. Túngarður 074
**Tegund** ............................................ Garðlag
**Hlutverk** .......................................... Túngarður
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.758' W 022°03.884'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................ Ágætt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Mikil
**Minjagildi** ....................................... Hátt
**Friðlýst** ........................................... Nei

**Staðhættir**
Túngarðurinn liggur í kringum heimatúnið að Efri -Óttarrsöðum,

**Lýsing**
Túngarðurinn er upphlaðinn, hleðsluhæð wn 1 m sumstaðar lægri eða aðeins hærri. Norðurhlið túngarðsíns er um 120 m. austurhlið um 55 m. suðurhlið um 100 m. og vesturhlið um 60 m. Á suðurhlið er hlið heim að bænum. Annað hlið er á norðuhlið.

**Athugasemdir**

Heimildir


Horft yfir eystri hluta túngarðsins.


Horfi f norðvestur að hliðinu og túngarðinum.

# Óttarsstaðir

163/3

**Heiti** .................................................. Tóft 204
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... IDaða
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.762'W 022°03.932'
**Aldur** ................................................. 1900 -
**Ástand** ................................................ Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** ............................................ Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Tóftin eru innan garðs við Efri-Óttarsstði um 20 m í suðvestur frá húsinu í horni garðsins.

## Lýsing

Tóftin er hlaðin úr grjóti. steinastærð um 0.25 - 040 m, Hleðsluhæð er um 2 m. inngangur í tóftina er í suður, veggjaþykkt um lm neðst en mjókkar upp, og er um 0.50 m efst, timbur hefur verið lagt ofan á efstu röðina og ofan á það hafa verið lagðar þaksperrur, en þakið er nú hrunið. Við norðurhlið tófarinnar L-laga hleðsla sem er upphlaðin úr grjóti en mjög grasivaxin, og er hún til suðurs. Hleðsluhæð um 2 m upp við grjóthlöðnu tóftina en lækkar niður í 1 m við endan fremst. Þessi bygging var fjós. Birgir Sörensen: Um 1950 var þar einn hestur og ein kú.

## Athugasemdir

## Heimildir

Birgir Sörensen. Viðtal í janúar 2010.
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Horft í suðvestur að tóftinni, hlöðunni.




Teikning, steinhlaðin tóft, og torf- og grjóthlaðið L-laga hólf

# Óttarsstaðir

163/4

**Heiti** ........................................... Brunnur 216 Efri-ótt
**Tegund** ...................................... Hleðsla
**Hlutverk** .................................... Brunnur
**Gps-hnit** ..................................... N 064°02.777' W 022°03.933'
**Aldur** ......................................... 1550-1900
**Ástand** ....................................... Sæmilegt
**Hættumat** ................................... Nýbyggingar
**Hætta** ......................................... Talsverð
**Minjagildi** ................................... Hátt
**Friðlýst** ....................................... Nei

**Staðhættir**
Brunnurinn er um 20 m í suðvestur frá húsinu Efri-óttarsstöðum í horni á túngarðinum en gaddvírsgirðing er við norður- og vesturhlið brunnsins.

Örnefnaskrá: Brunnurinn á Efri-Óttarstöðum var alveg í horninu á kálgarðinum, smáspöl frá bænum.

**Lýsing**
Kringum brunnín er grasivaxið, og liggur hann um 0.50 m lægra en landið í kringum hann. Yfir brunninum er tréhleri um 1 máhlið.

**Athugasemdir**
Örnefnaskrá: Frá bænum lá gatan að brunninum hún er nú uppgróinn og sést ekki móta fyrir henni.

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Brunnurinn, horft til norðvesturs

museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/5

**Heiti** ........................................... Matjurtagarður 216
**Tegund** ...................................... Garðlag
**Hlutverk** ..................................... Matjurtagarður
**Gps-hnit** ...................................... N 064°02.769[1] W 022°03.870[1]
**Aldur** .......................................... 1550-1900
**Ástand** ...................................... Ágætt
**Hættumat** ................................... Byggingar
**Hætta** ........................................ Talsverð
**Minjagildi** ................................... Talsvert
**Friðlýst** ...................................... Nei

**Staðhættir**
Örnefnaskrá: Kálgarður við Efri-Óttarstaði, í vestur frá bænum í átt að brunninum sem er í horni kálgarðsins.

**Lýsing**
Í suðvestur horni innan túngarðs Efri-Óttarsstaða er grasivaxið svæði sem er um eru um 40 x 20 m. Kringum garðinn á suður og austurhlið er undirhleðslugarður, hleðsluhæð um 0.40-0.50 m, steinastærð 0.25-0.40 m.
Vestur- og norðurhlið garðsins renna saman við landið í átt að bænum.

**Athugasemdir**
Í suðvesturhorni garðsins er brunnur.

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Þjóðskjlasafn Íslands. Túnakort frá 1917



Horft í austur yfir hluta garðstæðisins.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafuarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/6

**Heiti** ........................................... Skýli 201
**Tegund** ...................................... Hleðsla
**Hlutverk** ..................................... Óþekkt
**Gps-hnit** ..................................... N 064°02.742' W 022°03.720'
**Aldur** .......................................... 1550-1900
**Ástand** ....................................... Sæmilegt
**Hættumat** .................................. Nýbyggingar
**Hætta** ......................................... Mikil
**Minjagildi** .................................. Talsvert
**Friðlýst** ...................................... Nei

## Staðhættir

Innan við hliðið og vegaslóðan sem liggur heim að Efri- Óttarsstöðum er Óttarsstaðatúngarður austur-suður, um 15 m í suður með túngarðinum er skýlið.

## Lýsing

Skýlið er hlaðið utan í túngarðinn, Hleðslan er L-laga og er opin til austurs. Steinastærð um 0.25-045 m. Hleðslur mosavaxnar. Þak hefur verið yfir hleðsluna og eru þakplötur og timbur í tóftinni.

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft í suður eftir garðinum að tóftinni.




Teikning. Slóðin að Efri-Óttarsstöðum til hægri. Skýlishleðslan til vinstri á teikningunni.

# Óttarsstaðir

163/7

**Heiti** ................................................. Brunnur, Kvíadalur 203
**Tegund** ............................................ Brunnur/Kvíadalur 203
**Hlutverk** .......................................... Brunnur
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.723' W 022°03.749'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** ............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Mikil
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**

Frá slóðanum sem liggur heim að Efri-Óttarsstöðum innan við Austurtúngarðinn um 60 m í suður niður í dalverpi.
Örnefnaskrá: Suður af bænum á Efri-Óttarstöðum var hæð sem kölluð var Bali, nú orðin slétt. Suður af honum er kvos sem kölluð er Kvíadalur, Fjárhús voru í Kvíadalnum. Þangað lá Fjárhússtígur, frá bænum.
Svolítinn spöl austur af Balanum er túnrani. Við endan á þessum rana er svolitil lægð í túnið nefnd Leynir Vestur af Kvíadal og Balanum eru lægðir. Þar vestan við koma Brekkurnar svonefndu. Þar endar túnið að vestanverðu og túngarðurinn þar alveg við.

**Lýsing**

Brunnurinn er í djúpri laut við suðurtúngarðinn, um 60 m frá hliðinnu í suður sem er komið er fram hjá Eyðikotinu,á leiðinni að Efri Ottarsstöðum. Brunnopið er um 1x1 m að stærð í kringum það eru mosa- og grasivaxinn steinahleðsla, sem er í sömu hæð og landið í kring, aðeins sést í hleðslur niður í brunnin, þar sem fjalir sem lagðar hafa verið á trégrind yfir brunnopið hafa færst úr stað.

**Athugasemdir**

örnefnaskrá: Fráfærum var hætt löngu fyrir minni Gústafs Brynjólfssonar frá Eyðikoti. Gamall götuslóði liggur um Brekkurnar vestur með sjónum að Lónakoti.

**Heimildir**

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.






**Horft yfir brunnin til suðurs.**

Teikning, brunnurinn

# Óttarsstaðir

163/8

**Heiti** .................................................. Fyrirhleðslur í hraungjá 213
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Varnargarður
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.765' W 022°03.793'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** .............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Mikil
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Um 160 m frá suðaustur horni Neðri-Óttarstaða, um 10 m austan við girðingu sem er á milli Efri- og Neðri-Óttarsstaða.

## Lýsing

Hleðslurnar eru á fjórum stöðum í klettagjá sem liggur austur-vestur. Hleðslurnar eru um 0.50 má hæð þar sem þær eru hæstar en nokkuð hefur hrunið úr þeim.

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft til vesturs frá miðri gjánni.




Teikning, gjáin með fyrirhleðslum.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafuarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/9

**Heiti** .................................................. Smiðjulbalí 073
**Tegund** ............................................. Dæld
**Hlutverk** ............................................ Smiðja
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.759'W 022°03.896'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Horfið
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Smiðjulbali er fast suðaustan við heimatúngaðrinn á Efri-óttarsstöðum.
örnefnaskrá: Smiðjubali var rétt austan við kálgarðinn á Efri-Óttarsstöðum. Þar á að hafa verið smiðja.

## Lýsing

Í grasivaxinni smá brekku í norður er nokkuð djúp skeifulaga laut eða bali um 2-3 m djúp, og um 5-6 m löng þar sem hún liggur að heimatúngarðinum. Ekki sést móta fyrir veggjahleðslum.

## Athugasemdir

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft í vestur yfir Smiðjubalann.




Teikning: Smiðjuhali

museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/10

**Heiti** .................................................. Stólpi-Álfakirkja 266
**Tegund** ........................................... Náttúruminjar
**Hlutverk** ........................................... Álagablettur
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.742' W 022°03.873'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** .............................................. Ágætt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Talsverð
**Minjagildi** ........................................ Hátt
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir

Um 120 m í austur frá Efri-Óttarsstöðum í grasivaxinni lægð í landinu, upp af henni er vegslóðinn heim að bænum. Örnefnaskrá: Kattarhryggur var langur bali rétt suðaustur af vesturbæ Óttarstaða. Sunnan við Kattahrygginn var klettur margsprunginn er nefndist Stólpi eða Álfakirkja.

## Lýsing

Klettaklasi sem er í þremur hlutum, og má líkja við kirkju, Inngangur er í austur, þó hægt sé að ganga inn á milli klettanna á fleiri stöðum. Nyrsti hluti Stólpa er stærsti kletturinn, hann er grasivxinn á norðurhlið, þar er Álfakirkjan .

## Athugasemdir

Örnefnaskrá: Í klettunum bjó jafnan huldufólk. Mátti því ekki hreyfa þar við strái, ekki vera í leik eða hafa mikinn hávaða.
Þá segir að rétt norðan við Álfakirkju eða Stólpa hafi verið kapella, Óttarsstaðakapella. Jafnvel kirkja og austan við eru miklar þúfur nefnast kirkjugarður. Skúli Magnússon landfógeti segir í Chorographica Islandica " Á Óttarsstöðum ætla sumir að verið hafa bænhús" (Safn til Sögu Islands annar fl. I, 3., bls. 53) Frásögn Skúla fógeta er sú eina sem fundist hefur við samantekt þessa . Í öðrum heimildum svo sem Fornbréfasafni, er ekki getið um kirkju eða bænhús að Óttarsstöðum

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Þjóðminjasafn Íslands. Heimildir fyrir fornleifaskrá Hafnarfjarðar 1987-1988. Tálkntala 1400. bls. 32. Safn til Sögu Íslands annar fl. I, 3., bls. 53.



Horft í austur yfir álfakirkjuna.

# Óttarsstaðir

163/11

**Heiti** ................................................. Mariugerði 267
**Tegund** ............................................ Heimild
**Hlutverk** ............................................ Tún
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.748' W 022°03.862'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ...............................................

## Staðhættir

Austast í túninu á Efri-Óttarstöðum var túnflöt sem kölluð var Maríugerði. Túnbletturinn er norðan við kletta sem nefirist Álfakirkja.

## Lýsing

Grasivaxin túnblettur sem er norður af Álfakirkjunni.

## Athugasemdir

Örnefnaskrá: Land jarðarinnar er hrauni þakið neðan frá sjó og upp til fjalls. Þetta er gamalt hraun og allgróið. Túnið á Óttasstöðum liggur meðfram sjónum. Vestast f túninu er brekka sem heitir Þórhildarbrekka, svo er þar smá útfæringur nafnlaus. Þá er lægð í túninu nefnt Lágatún, þá er djúpur dalur í túninu sem nefndur er Kvíadalur, liggur þar austur eftir túninu, og mun draga nafn af lögun, en ekki að þarna hafi verið kvíar. Svo er langur bali sem heitir Leynir og norður af honum heitir Stólpi. Við hann nokkuð austan bæjar er Kattahryggur, þá er Smiðjubali. Austan hans heitir Hálfvöllur, hafi nafn sitt af því, að þar var á mörlaun vesturbæjartúns sem hér endaði og austurbæjartúns er hér tók við. Svo tekur við Maríugerði og að lokum Útfæringur,

## Heimildir

Ari Gíslason. Örnefnaskrá. Óttarstaðir. Gullbringa -Garðahreppur. Örnefuastofnun Íslands.
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands, 1980.



Horft yfir Mariugerði vestur að Óttarsstöðum vestri.

museum@hafuarfjordur.is

# óttarsstaðir

163/12

**Heiti** .................................................. Legstaður 206
**Tegund** .............................................. Heimild
**Hlutverk** ............................................. Dys
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.761' W 220°38.29'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** .............................................. Ágætt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Mikil
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

### Staðhættir

Um 5- 7 m í norður frá Frá Efri-Óttarsstöðum.innan heimagirðingar.
Örnefnaskrá: Í túninu á Neðri-Óttarsstöðum alveg við mörkin var kofi upphaflega smiðja, (45) seinna hesthús, Rétt austur af tóftinni eru þúfur miklar og töldu menn að það væri leiði.

### Lýsing

Austan við girðingu sem liggur á milli Efri- og Neðri- Óttarsstaða er grasivaxið svæði með miklum þúfum sem bylgjast um landið. Svæðið er um 100x50 m stórt.

### Athugasemdir

Örnefnaskrá; Þessar þúfur töldu menn vera leiði eða dysjar.

### Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Viðtal Leif Lárusson í sept. 2006.



Horft til norðausturs yfir þúfurnar.

# óttarsstaðir

163/13

**Heiti** .................................................. Fyrirhleðsla 193, Suðurtúngarður
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ............................................ Fyrirhleðsla
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.702'W 022°03.917'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** .............................................. Ágætt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

## Staðhættir

Frá Efri-Óttarsstöðum um 50 m í suður. Í all djúpri gjá sem liggur austur - vestur í landinu og er hluti af Suðurtúngarði.

## Lýsing

Hleðslurnar eru á milli veggja gjárinnar. Breidd gjárinnar er um 0.30-0.60 m. Hæð hleðslana er um 0.30 m - 0.40 m. Steinastærð er um 0.25-0.40 m. Mikið gras er í gjánni, og veggjahæð i gjánni er allt að 3 m, en yfirleitt lægri.

## Athugasemdir

## Heimildir


Horft yfir gjánna til austurs.


Horft yfir gjánna til suðausturs.

# Óttarsstaðir
163/14

**Heiti** ................................................. Fjárhús 195
**Tegund** ............................................. Tóft
**Hlutverk** ........................................... Fjárhús
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.695' W 022°03.998'
**Aldur** ................................................ 1900 -
**Ástand** ............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

**Staðhættir**
Um 130 m í suður frá Efti-Óttarsstöðum, norðan undir klettabelti sem þar er.

**Lýsing**
Hleðsluveggirnir hafa borið uppi þak með sperrum sem hefur nú skekkst á uppistöðum og liggur brotið að hálfu ofan á veggjunum. Hleðsluhæð veggja er um 1.60 m, steinastærð um 0.25-0.45 m. Veggirnir eru grasivaxnir að utan. Framhlið hefur verið úr timbri, og eru leyfar hennar dreifðar fyrir framan tóftina.

**Athugasemdir**

**Heimildir**


Horft inn í tóftina til suðurs.



Teilkning. tóftin neðst á teikningunni.

# óttarsstaðir

163/15

**Heiti** .................................................. Hleðsluveggur 194
**Tegund** .............................................. Garðlag
**Hlutverk** ............................................ Vörlsugarður
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.695' W 022°03.998'
**Aldur** ................................................. 1900 -
**Ástand** ............................................... Ágætt
**Hættumat** ........................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Talsverð
**Minjagildi** ........................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**
Um 100 m i austur frá Efri-Óttarstöðum, við Suðurtúngarð.

**Lýsing**
Aðhald, hleðsluveggur einhlaðinn frá einu horni fjárhúss, hæð hleðslunnar er um 0.80, innan við hleðsluna er grasivaxið upp að fjárhúsinu.

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Hleðlsuveggurinn er til vinstri við húsið.




Teikning, hleðsluveggurinn neðst fyrir miðri mynd.

Byggðasafn Hafuarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/16

**Heiti** .................................................. Hrútakofi 194
**Tegund** ........................................... Tóft
**Hlutverk** ............................................ Hrútakofi
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.695' W 022°03.998'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** .............................................. Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**

Tóftin er í um 100 m í suður frá Efri-Óttarsstöðum, tóftin er fast við Suðurtúngarðinn, Frá tóftinni að bárujárnsklæddu fjárhúsi er um 2-3 m.

**Lýsing**

Tóftin er upphlaðin, og nokkuð grasivaxinn, hleðlsuhæð um 1.10 m. Steinastærðu, 0.25, -0,45 m tóftin er opin til suðurs, allmikið af ruslu er í tóftinni.

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Horft til suðurs yfir tóftina.




Teikning, tóftin er ofan við fjáhúsið, og og er vestan við túngarðinn.

# Óttarsstaðir

163/17

**Heiti** ................................................ Fjárhús 194
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Fjárhús
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.695' W 022°03.998'
**Aldur** ................................................ 1900 -
**Ástand** ............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**

Fjárhúsið er um 100 m í suður frá Efri – Óttarsstöðum, norðan við fjárhúsið liggur suðurtúngarður.

**Lýsing**

Hlaðinn langveggur í fjárhúsi um 10 m langur. Veggurinn er um 1.10 m á hæð, steinastærð 0.25-040 m. Breidd veggjarins er um 0.40 m. Fjárhúsið er byggt út timburgrind og klætt bárujárni. Frá suðaustur horni fjárhússins er veggbútur í suður um 5-6 m langur og hleðsluhæð um 0.80 m.

**Athugasemdir**

**Heimildir**

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Horft í norðvestur hleðsluveggurinn til hægri innan við dyragætana.




Teikning. hleðsluveggurinn neðst á teikningunni.

# Óttarsstaðir

163/18

**Heiti** .................................................. Hringlaga umgjörð 195
**Tegund** ............................................ Dæld
**Hlutverk** ........................................... Óþekkt
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.695' W 022°03.998'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**

Um 130 m í suður frá Efti-Óttarsstöðum, norðan undir klettabelti sem þar er. Rétt framan við þessa veggjahleðslur er girðing norðan við. Um 6 m í suður er fjárhús tóft með föllnu þaki.

**Lýsing**

Óljós veggjamyndun í kringum tvær hringlaga umgjörðir flöt Allt mjög grasivaxið. Hæð umgjarðar um 0.25-0.30 m. Ekki sést í neina steinhleðslur.

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Horft frá fallna fjárhúsinu (14) i suður yfir að umgjörðuum.




Teikning, tvær nærri samhliða umgjarðir,

# Óttarsstaðir

163/19

**Heiti** ................................................. Tóft 199
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Fjárhús
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.713' W 022°03.913'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**
Um 50 m í norðaustur frá Efri -Óttarsstöðum Í djúpri laut.

**Lýsing**
Tóftin er skeifulaga, grjóhleðslur sjást inni í tóftinni, en að utan er hún grasivaxin, við gaflvegg rennur hún saman við landið í kring, en stendur hærra upp við hliðarveggi. Hleðsluhæð að innan við gaflvegg er um 1.50 m, en lækkar fram og er um 0.80 m við innganginn. Inngangur er í norðnorðvestur. Mikið af gömlu drasli hefur verið safnaði tóftina. Framhlið tóftarinnar vantar en hefur trúlega verið úr timbri.

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Horft í suðaustur yfir tóftina.




Teikning, tóftin.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/20

**Heiti** .................................................. Fyrirhleðsla 198
**Tegund** .............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ............................................ Stekkur
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.735' W 022°03.915'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand**................................................. Sæmilegt
**Hættumat** ............................................ Nýbyggingar
**Hætta** .................................................. Talsverð
**Minjagildi** ............................................ Talsvert
**Friðlýst** ................................................. Nei

**Staðhættir**

Um 50 m í suður frá Efri-Óttarsstöðum, um 20 m í  austur frá fjárhúsi.

**Lýsing**

Svæðið er í djúpri náttúrulega gerðri lægð, við noðurhlið lægðarinnar er smá hellisskúti sem slútir fram yfir sig. Um 8 m frá hellinum er óljós þverhleðsla á milli náttúrulegra veggja sem leiða að skútanum. Grasivaxin þverhleðsla sem þó er ekki samfelld en um 6 m löng afmarkar svæðið fyrir framan skútann.

**Athugasemdir**

Torfhús var fjárhús og stekkurinn nýst frá því.

**Heimildir**



Horft yfir stekkinn í norðaustur, sést í tvær burstir Vestari - Óttarsstaða bera við himinn til vinstri á myndinni.




Teiking, stekkurinn.

# Óttarsstaðir

163/21

**Heiti** .................................................. Stóra-réttin 197
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Rétt
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.691' W 022°04.025'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** .............................................. Ágætt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Mikil
**Minjagildi** ......................................... Hátt
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**

Um 140 m í suður frá Efri -Óttarsstöðum undir hæð inn í krika þar sem landið er umgjörð á bak við hleðslurnar.
Örnefnaskrá: Réttin er í krika vestan undir Miðmundarhæð.

**Lýsing**

Suðurhluta réttarinnar er haganlega komið fyrir inní krika, þar sem veggir krikans mynda gott skjól, En allt í kringum krikann er hlaðínn garðrur sem síðan heldur áfram og afmarkar réttina þegar út fyrir krikann kemur. Inn undir austurhlið réttarinnar er hellisskúti, sem hefur verið hlaðið fyrir, og myndar ágæt skýli. Veggjahæð er um 1.10 má hæð. Á veggnum er op niður við jörð um 0.50 má hæð og breidd, þar sem búféð hefur farið út og inn. Þegar komið er út fyrir krikann opnast stærra svæði, með upphlöðnum garði i kring, við austurhluta þess svæðis er klettalaut, að lautinni liggur gata frá krikanum. Lautin hefur verið hólf í réttinni. eða við fráfærur. Við suðvesturhlið eru óljósar L-laga veggjahleðslur, um 0.30 má hæð. Hleðslur réttarinnar eru mjög heillegar fyrir utan einstaka hrun. Steinastærð um 0.25-0.45 m.
Hleðsluhæð allt að 1.10 m. Víða hefur þó hrunið úr garðinum, þó en sé hann mjög stæðilegur.

**Athugasemdir**

**Heimildir**

Gísli Sigurðsson. Örnefnskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft yfir réttina til norðvesturs. Hellisskútin til hægri fremst á myndinni.




Teikning, réttin, fjárskýlið neðst til hægri.

# Óttarsstaðir

163/22

**Heiti** ................................................ Miðmundavarða/Miðmundahæð 196
**Tegund** ......................................... Varða
**Hlutverk** .......................................... Eyktamark
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.666' W 022°04.036'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................ Nei

## Staðhættir

Örnefnaskrá: Vestur af Hrafnagjá er Miðmundahæð. Vestast á henni er stór varða sem heitir Miðmundavarða, en vestan við hæðina er lægð sem heitir Miðmundaskarð. Stígurinn frá óttarstöðum liggur upp úr því.
Varðan er fyrir ofan stóru réttina (21) í um 140 m i suður frá Efri -óttarsstöðum.

## Lýsing

Varðan er upphlaðin um 1 má hæð, steinastærð 0.25-0.45 m, eru stærstu steinarnir neðst, varðan er um 1 m í þvermál neðst en mjókkar aðeins upp.

## Athugasemdir

Miðmund er um klukkan 13,30, mitt á milli hádegis og nóns

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.


Horft í vestur að vörðunni.


Horft frá vörðunni í vestur yfir að landamerkjavörðu út við sjóinn.

# Óttarsstaðir

163/23

**Heiti** .................................................. Nónhæð 050
**Tegund** ........................................... Náttúruminjar
**Hlutverk** .......................................... Eyktamark
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.693' W 022°04.115'
**Aldur** .............................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Ágætt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**
Örnefnaskrá: Nónhæð er sprunginn klapparhóll, nokkuð stór. Um 10-15 m vestur af fjárgerðinu. Stóru réttinni (21 ).

**Lýsing**
Nónhæð er allmikill klapparhóll sem sker sig úr landinu út við sjóinn. er næsti stóri klapparhóllinn við fjárgerðið í vestur.

**Athugasemdir**
Örnefnaskrá: Hæðin er nálægt suðvestri frá Óttarstöðum og hefur getað verið eyktarmark þaðan.
Nón er frá kl. 15.00.

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.



Horft í vestur að Nónhæð.

# Óttarsstaðir

163/24

**Heiti** .................................................. Stekkur 051
**Tegund** .......................................... Tóft
**Hlutverk** .......................................... Stekkur
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.698' W 022°04.129'
**Aldur** .................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Talsverð
**Minjagildi** ........................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Tóftin er í hraunbolla sem er vestan í Nónhæð sem er stór klapparhóll um 90 m í vestur frá stóru réttinni (21) sem er um 150 m í suður frá Óttarsstöðum.

## Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, og sjást hleðslurnar vel inn í tóftinni, en ytri hliðar tóftarinnar eru grasivaxnir og renna saman við landið í kring á suður- og austurhlið. Vesturhlið er hleðsluhæð um l m að innan og utan en lækkar aðeins í átt að inngangi. Suðurhlið er hleðsluhæð um 1.40 að innan en er í sömu hæð og landið í kring að utan: Austurhlið að innan er hleðsluhæð um 1.20, en er í sömu hæð og landið í kring að utan nema við útgangin þá er hleðslan sýnileg bæði utan og innan, hleðsluhæð um 0.50 m. Norðurhlið að innan er um 1 m á hæð að utan og innan en lækkar aðeins í átt að inngangi tóftarinnar.

## Athugasemdir

Þarna gæti verið um stekk frá stóru réttinni (21) eða hrútabyrgi.

## Heimildir



Horft að stekknum til suðurs.




Teikning, stekkurinn.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/25

**Heiti** .................................................. Varða ný 058
**Tegund** .......................................... Varða/ ný 058
**Hlutverk** .......................................... Kennimark
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.731' W 022°04.183'
**Aldur** ................................................ 1900 -
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Lítil
**Minjagildi** ......................................... Lítið
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**
Um *250* m i vestur frá aflögðu fjárhúsi Efri- Óttarsstaða sem er um 60 m frá réttinni ofan Óttarsstaða

**Lýsing**
Varðan er um 1 m á hæð og nýlega hlaðin.

**Athugasemdir**
Varðan virðist vera nýlega hlaðin, en hennar er ekki getið í heimildum, gæti verið ein af þessum vörðum sem menn hlóðu sem kennileiti fyrir sig á leið um landið og hafa staðið lengi.

**Heimildir**



Horft að vörðunni til austurs.

# Óttarsstaðir

163/26

**Heiti** .................................................. Efri-óttarsstaðir/ Austari 207-8
**Tegund** ............................................ Heimild
**Hlutverk** ........................................... Bæjarhóll
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.772' W 022°03.894'
**Aldur**................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Ágætt
**Hættumat** ........................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Mikil
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**

Norðan við Efri -Óttarsstaði er grasivaxinn brekka, bæjarhóllinn, nyrst í hólnum er grjóthlaðin tóft.
Örnefnaskrá: Bærnir stóðu á Bæjarhól nokkuð vestarlega í túninu.
Vesturbærinn stendur enn þá en Austurbærinn var rifinn fyrir aldamót.
Var þá byggt nýtt hús nokkru austar og neðar í túninu, en gömlu bæjartóftirnar notaðar fyrir fjós og hlöðu.
Túnið á Óttarsstöðum var allstórt og var því deilt á milli bæjanna í Vesturtún og Austurtún. Kringum öll túnin var hlaðinn tvístæður túngarðu.

**Lýsing**

Á bæjarhólnum er uppistandandi ein tóft. Hún var notuð fyrir fjós og hlöðu, eftir að flutt var úr gamla bænum. Fast vestan af tóftinni er bæjarhólinn. Merking orðsins bæjarhóll segir að þarna sé bæjarstæði, og gæti það verið mjög gamalt, því oft hefur verið byggt á sama bæjarstæði öld eftir öld. Þá má reikna með að í bæjarhóllinn hafi að geyma hleðslur og öskuhaug bæjarins og er hann að öllum líkindum jafn gamall þeim byggingum sem þarna hafa staðið. Öskuhaugurinn hefur að geyma miklar upplýsingar um lifnaðarhætti þeirra sem þarna hafa búið í gegnum árhundruðin. Bæjarhóllinn er því alltaf mikil heimild um búsetu og lif þeirra sem þar hafit búið.

**Athugasemdir**

Saga:
Löngum var tvíbýli á Óttarsstöðum. Voru býlin nefnd Efri-Óttarsstaðir eða Vesturbær og Neðri Óttarsstaðir eða Austurbær.
Í heimildum um fornleifaskráningufrá Þjóðminjasafni Íslands, segir um bæjarstæðið að Óttarsstaðabæir hafi staðið á bæjarhólnum nokkuð vestarlega í Óttarsstaðatúni , Vesturbærinn stendur, en Austurbær hafi verið rifinn fyrir löngu jafnvel fyrir 1885 þá var Óttarsstaðahúsið byggt nokkuð austur í túninu.
Götuslóði lá af Keflavíkurveginum sunnan við Straumshúsið og út að Eyðikotshliði, þaðan heim túnið heim að bæjunum á Óttarsstöðum.

**Heimildir**

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Þjóðminjasafn Íslands. Heimildir fyrir fornleifaskrá Hafnarfjarðar 1987-1988. Tálkntala 1400. bls. 32.-Óútgefið efni.


Bæjarhöllinn til hægri, horft til suðvesturs



Teikníng:Túngarður, tóftin til vinstri.

# Óttarsstaðir

163/27

**Heiti** .................................................. Hesthús/hlaða 207
**Tegund** .............................................. Tóft
**Hlutverk** ........................................... Hesthús/hlaða
**Gps-hnit** ............................................ **N** 064°02.772' **W** 022°03.894'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**
Um 10 m í norður frá Efri-Óttarsstöðum, rétt utan við garðshliðið sem er norðan við bæinn.

**Lýsing**
Grjóthlaðin tóft steinastærð um 0.25-0.40 m sléttir steinar, hleðsluhæð allt að 2.20 m, í efsta hluti steinashleðslunnar hefur verið sett steypa, steypuhæð um .0.30 m á hæð. Nokkuð hefur hrunið úr innveggjum tófarinnar inn í hana og við enda hennar. Við austurvegg í um 1.60 m hæð frá botni tóftarinnar er sperruendi, en hleðslur veggjarins á móti hafa það mikið skekkst að ekki er sperra sýnilega þar. Timburborð liggja að hluta til ofan á hleðslunum.

**Athugasemdir**
Tóftin er hluti af Neðri- Óttarsstaðabænum sem var búið í áður en húsið Neðri- Óttarsstaðir var byggt árið 1885.

**Heimildir**
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Horft í suður að tóftinni. Efri- Óttarsstaðir í baksýn.




Teikning, tóftin lengst til vinstri, hlaðnir garðar í kring um hana.

museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/28

**Heiti** .................................................. Túngarður V Ótts 208
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Túngarður
**Gps-hnit** ............................................ **N** 064°02.781' W 022°03.853'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**
Túngarðurinn liggur í kringum tóftina sem er í bæjarhól Eystri Óttarsstaða eldri og yfir bæjarhólinn og að hluta til í vestur að Vestri-Óttarsstöðum.

**Lýsing**
Túngarðuinn er grjóthlaðinn, hleðsluhæð u, 0.40 m, steinastærð, 0.25- *0.50* m. Veggjaþykkt um 1 m eða minna.

**Athugasemdir**
Ætla má að sá hluti garðsins sem liggur yfir bæjarhólinn hafi verið hlaðinn eftir að flutt vari nýja húsið Neðri Óttarsstaði sem var byggt 1885, þar sem garðurinn liggur mjög nálægt tóftinni sem enn er uppistandandi á bæjarhólnum, og frá henni varla pláss fyrir aðra bygginu, vegna legu garðsins.

**Heimildir**



Horft til suðurs eftir austurhlið túngarðsins.




Teikning, garðhleðslumar í kringum tóftina sem er til vinstri.

# Óttarsstaðir

163/29

**Heiti** .................................................. Fjárhús 208
**Tegund** .............................................. Tóft/Fjárhús 208
**Hlutverk** ........................................... Fjárhús
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.781' W 022°03.853'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** ................................................ Sæmilegt
**Hættumat** ........................................... Nýbyggingar
**Hætta** .................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**
Um 20 m frá Vestari-Óttarsstöðum í norður frá hlaðinni tóft sem er eina tóftin á bæjarhólnum.

**Lýsing**
Tóftarhleðslan er L-laga, grjóthlaðin og sést vel í hleðslur innveggja tóftarinnar, en hún er grasivaxin að utanverðu Vesturlanghlið tófarinnar er túngarðhleðsla sem er hluti af túngarði Efri-Óttarsstaða en bærinn var rifin um aldamótin 1900. Hleðsluhæð um 1.50 m, steinastærð 0.25-0.40 m Um 1.5 m frá endavegg tóftarinnar er smá grasivaxinn kantur sem er á milli veggja tóftarinnar.

**Athugasemdir**

**Heimildir**
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917 .



Horft að tóftinni í vestur.




Teikning, fjárhúsið blaðið utan í túngarðinn fyrir miðri teikningu, og nánasta umhverfi fjárhússins.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/30

**Heiti** .................................................. Hlaðin steypt tóft 208
**Tegund** ............................................. Hleðsla/steinsteypa
**Hlutverk** ........................................... Heygarður
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.781' W 022°03.853'
**Aldur** ................................................. 1900 -
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**
Tófin er miðja vegu milli Efri- og Neðri-Óttarsstaða.

**Lýsing**
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir

Um 100 m í suður frá suðaustur horni sumarbústarlóðar sem er í kringum sumarbústað með trjágróðri í afgirtu landi. Bústaðurinn er ofan vegar að Óttarsstöðum, og er austasti bústaðurinn ofan Óttarsstaðakots.

## Lýsing

Hleðslurnar eru útflattar og mosavaxnar, og nokkuð sokknar í jörðu en samt greinlegar, hleðsluhæð er um 0.30 m, steinastærð um 0.25-0.45 m.

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft til suðurs yfir byrgið sem er fyrir miðju til hægri við hraunsteinana að Kotaklifsvörðu.



Teikning, hleðslur byrgsins til vinstri.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/94

**Heiti** .................................................. Fyrirhleðsla 045
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Stekkur
**Gps-hnit** ............................................ N 064 °02.514' W 022°03.590'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................. Lélegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir

Um 190 m í suðsuðaustur frá suðurhlið girðingar sem er í kringum sumalbústað með trjágróðri i afgirtu landi. Bústaðurinn er ofan vegar að Óttarsstöðum, og er austasti bústaðurinn ofan Óttarsstaðakots.

## Lýsing

Fyrirhleðsla í smá klettagjá, hleðsluveggurinn er hruninn, en er samt vel greinanlegur, hleðsluhæð um 0.50 m, steinastærð 0.30-0.50 m.

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft til suðausturs yfir hleðsluna sem er fremst fyrir miðju.




Teikning, fyrirhleðslan til vinstri.

# Óttarsstaðir

163/95

**Heiti** ................................................ Glaumbær, barnaheimili 021
**Tegund** ........................................... Steinsteypa
**Hlutverk** .......................................... Barnaheimili
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.676' W 022°03.424'
**Aldur** .............................................. 1900 -
**Ástand** ............................................ Lélegt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Lítið
**Friðlýst** .......................................... Nei

**Staðhættir**

Um það bil miðja vegu frá Straumi að Óttarsstöðum, er götuslóði í vestur er komið að Glaumbæ sem er á svæði sem er nokkuð sléttlendi miðað við landið í kring. En Glaumbæjarsvæði er umlukt klettabelti þó ekki samfeldu sem hefur myndað skjólgott svæði.

**Lýsing**

Það sem eftir stendur af byggingunni sem var barnaheimili er steinsteypt gólfplata sem er um 3.5 x 10 m stór.

**Athugasemdir**

Í Sögu Hafnarfjarðar segir að Barnaverndarfélag Hafnarfjarðar hafa átt mikinn þátt í að barnaheimilið Glaumbær var stofnað 1957. Barnaheimili var starfrækt til ársins 1960.
Glaumbær var sumarbústaður og seinna barnaheimili. Glaumbær brann um 1978.
Jónatan Garðarsson: Það var upphaflega Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir sem byggð sumarbústað, og af honum keypti Barnaverndunarfélag Hafnarfjarðar bústaðinn.

**Heimildir**

Ásgeir Guðmundsson 1984. Saga Hafnarfjarðar III, bls. 280, 292. Skuggsjá, Hafnarfjörður.
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson heimild október 2009.
Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson . Læknar á Íslandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970



Horft til vesturs að steyptri plötu barnaheimilsins efst til hægri.

# Óttarsstaðir
163/96

**Heiti** ................................................ Lautarholli Glaumbær 17 4
**Tegund** ........................................... Hleðsla
**Hlutverk** ......................................... Skjól
**Gps-hnit** ......................................... N 064°02.671' W 022°03.399'
**Aldur** .............................................. 1900-
**Ástand** ............................................ Ágætt
**Hættumat** ...................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Talsverð
**Minjagildi** ...................................... Lítið
**Friðlýst** .......................................... Nei

**Staðhættir**
Stígur sem byrjar frá heimabletti Glaumbæjar liggur í austur um 15 m langur og liggur að tveimur lautarbollum.

**Lýsing**
Frá stígnum er um 2 m löng rás sem er 1 má breidd að lautalbollanum sem er upphlaðinn út frá kletti. Hleðsluhæð er um 0.40 m Hleðslan er grasivaxin.
Austan við þennan lautarholla er annar holli sem er álíka stór, en hefur nýrri hleðslur. Innri hleðlsuhæð í kringum hann er allt að 1.20 m. Ytri brún hans rennur saman við landið í kring.

**Athugasemdir**
Má vera að lautarbollinn hafi verið notaður til að gefa börnum mat og drykk á góðum degi.
Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir byggði sumarbústað í landi Galumbæjar sem síðar varð barnaheimilið. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs.

**Heimildir**
Lárus.H Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Islandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.


Horft að lautarbollunum til norðausturs. Sá eldri til vinstri og yngri til hægri.



Teikning, lautarbollinn til vinstri, nýrri lautarholli til hægri.

# Óttarsstaðir

163/97

**Heiti** ................................................. Lautarballi 17 4 Glaumbær
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Skjól
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.671' W 022°03.399'
**Aldur**................................................ 1900 -
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Lítið
**Friðlýst** ............................................ Nei

## Staðhættir

Stígur sem byrjar frá heimabletti Glaumbæjar, liggur í austur vestur er um 15 m og liggur að tveimur lautarbollum, þesssi er austari.

## Lýsing

Lautarbollinn er upphlaðinn og grasivaxinn innribrún er um 1.20 m á hæð en ytri brún rennur saman við landið í kring. Um 1 m er í lautarbolla sem er vestan við þennan, og er hann álíka stór.

## Athugasemdir

Má vera að lautarbollinn hafi verið notaður til að gefa börnum mat og drykk á góðum degi.
Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir byggði sumamústað í landi Galumbæjar sem síðar varð barnaheimilið. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs.

## Heimildir

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Íslandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.



Horft yfir lautarbollana til austurs, sá eldri nær, sá yngri fjær.




Teinking, Lautarbollinn til hægri, eldri hleðslur í lautarbolla til hægri.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/98

**Heiti** .................................................. Matjurtagarður 020
**Tegund** .............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ............................................ Matjurtagarður
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.673' W 022°03.426'
**Aldur** ................................................. 1900-
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

### Staðhættir

Um 3 m í suður frá steyptri gólfplötu Barnaheimilsins Glaumbæjar, undir smá hæðardragi.

### Lýsing

Grasivaxinn skeifulaga kantur, sem opnast til suðurs, um 8 m breiður fremst og 5-6 m langur hleðsluhæð um 0.30 m.

### Athugasemdir

Theódór A. Matlúesen (1907-1957) læknir byggði sumarbústað í landi Glaumbæjar sem síðar varð barnaheimilið. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs.

### Heimildir

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Islandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.



Horft yfir matjurtagarðinn til austurs.

# óttarsstaðir

163/99

**Heiti** .................................................. Matjurtagarður 020
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Matjurtagarður
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.673' **W** 022°03.426'
**Aldur** ................................................ 1900
**Ástand** ............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Mikil
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

## Staðhættir

Um 6 m í suðsuðaustur frá suðausturhorni á steyptri gólfplötu sem áður var Barnaheimili Glaumbæjar. Austan undir smá hæðardragi sem er í suður-norður.

## Lýsing

Matjurtagarðurinn er í smá halla undír hæðardragínu, grasivaxinn hleðslukantur er i kringum hann á þrjá vegu, en fjórða hliðin er hæðardragið. Hann er um 7x7 m og hleðsluhæð um 0.30 m.

## Athugasemdir

Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir byggði sumarbústað í landi Glaumbæjar sem síðar varð barnaheimilið. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs.

## Heimildir

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Islandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.



Matjurtagarðuimn undir hæðinni, horft í austur.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/100

**Heiti** .................................................. UndirhleðslurNatnstankur 176 GL
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Áveita
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.672' W 022°03.348'
**Aldur** ................................................ 1900 -
**Ástand** ............................................ Sæmilegt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**

Við Óttarsstaðaveginn rétt áður en komið er að svæði Glaumbæjar. Vatnstankurinn er í um *65* m í austur frá steyptri gólfplötu Glaumbæjar upp á smá hæð þar sem túngarðurinn liggur í kringum heimatúnið í austur.

**Lýsing**

Hleðslumar eru undirstöður undir vatnstank sem var notaður af barnaheimilinu Glaumbæ þegar það starfaði. Hleðslurnar eru hringlaga, nokkuð hefur hrunið úr þeim, bæði inní hringinn og út fyrir hann, smá ferhyrnd hleðsla er við norðurhlið að innanverðu. Hleðsluhæð um 0.40 m, steinastærð. 0.25-0.40 m.

**Athugasemdir**

Theódór Á. Mathiesen (1907-1957) læknir byggði sumarbústað í landi Galumbæjar sem síðar varð barnaheimilið. Það má ætla að flestar af hleðslum sem eru þarna eru séu frá tíma Theódórs.

Heimildir

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Íslandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.



Horft yfir undirstöður vatnstoksins til austurs




Teikning, undirstöður vatnstanks.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/101

**Heiti** ............................................. Stekkur 177
**Tegund** ........................................ Tóft
**Hlutverk** ...................................... Stekkur
**Gps-hnit** ....................................... N 064°02.683' **W** 022°03.462'
**Aldur** ........................................... 1150-1900
**Ástand** ......................................... Sæmilegt
**Hættumat** .................................... Nýbyggingar
**Hætta** ........................................... Mikil
**Minjagildi** .................................... Hátt
**Friðlýst** ........................................ Nei

**Staðhættir**

Stekkurinn er um 40 m í vestur frá steinsteyptri gólfplötu barnaheimilisins Glaumbæjar. Um 10 m í vestur er undirleðslugarður sem liggur í sveigum um landið.

**Lýsing**

Stekkurinn er hlaðinn utan í hraundrag og er allt að því hringlaga út frá honum. Inngangur er í stekkinn í vestur, nokkuð hefur hrunið í innganginn, og eru þeir steinar mosavaxnir. Hleðlsuhæð á norðuhlið er um 0. 75 m, en á austurhlið um 0.30 m Steinastærð eru um 0.25-0.45 m

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Horft yfir stekkinn í vestur.




Teikning: Stekkurinn

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/102

**Heiti** ................................................ Tóft við Glaumbæ 179
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Óþekkt
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.693' W 022°03.377'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................ Lélegt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** .......................................... Nei

## Staðhættir

Tóftin er til hægri neðan/vestan við, vegaslóðann áður en farið er gegnum túngarðinn í heimaland Glaumbæjar.

## Lýsing

Tóftarveggirnir eru byggðir utan í kletta. Veggir tóftarinnar eru einhlaðnir úr frekar stórmm steinum, steinastærð 0.30- 0.60 m. Hleðsluhæð 0.50 á norðurhlið en um 0.40 má suðurhlið. Tóftin er opin til austurs en minni steinar við inngangsvegg að framan. Vegurinn sem liggur að Glaumbæ hefur verið lagður yfir norðausturhorn tóftarinnar.

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft yfir tóftina til vesturs, tóftin fyrir miðri mynd við vegslóðann.




Teikning, stekkurinn.

# Óttarsstaðir

163/103

**Heiti** .................................................. Túngarður, 175 Glaumbær
**Tegund** ........................................... Garðlag
**Hlutverk** .......................................... Túngarður
**Gps-hnit** ......................................... N 064°02.676' W 022°03.367'
**Aldur** .............................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................ Sæmilegt
**Hættumat** ....................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Talsverð
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** ........................................... Nei

**Staðhættir**

Túngarður er í kringum heimaland Glaumbæjar, sem var rekið sem barnaheimili, en brann árið 1978. Gaðurinn er vel sýnilegur í landinu þar sem hann er hlaðinn, en þar sem eru klettar og gjár í umhverfinu tekur það sem afmörkun í staðinn fyrir hlaðinn garð.

**Lýsing**

Túngarðurinn er einhlaðinn, hleðsluhæð allt að 0.50. Steinastærð um 0.25-0.50 m Túngarðurinn er vel sýnilegur í um 450 m í austur frá bæjarstæði Glaumbæjar, þar liggur garðurinn í suður - norður.
Frá innkeyrslu inn á svæðið liggur garðurinn í austur-vestur með rofi í garðinn fyrir innkeyrsluna austurhluti garðsins rennur saman við suðurhluta túngarðsins sem er í suður. Í Vestur fer túngarðurinn í sveig í landinu og þar má sjá upphlaðna ferhyrninga fyrir girðingastaura koma út úr garðinum.

**Athugasemdir**

Gps.
Fyrir austurhluta garðisns
64 °02.676-22°03.367
Í vestur frá bæjarstæði Glaumbæjar.
64 °02. 678-22 °03.488
Það gæti verið að garðurinn hafi verið hlaðinn á þessu svæði áður en barnaheimilið tók til starfa. Þar sem þarna er slétt gróðurlendi og skjól, án þess að heimildir séu til um það.
Jónatan Garðarsson: Túngarðurinn er frá því að Theódór Á. Mathíesen (1907- 1957) byggði sumarbústað á þessu svæði.

**Heimildir**

Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.
Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. Læknar á Íslandi. Fyrra bindi bls. 748. Reykjavík 1970.



Túngarðurinn í austur frá Glaumbæ.



Túngarðurinn í austur frá Glaumbæ.

# Óttarsstaðir

163/104

**Heiti** .................................................. Hleðslu 019
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ............................................ Óþekkt
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.651' W 022°03.446'
**Aldur** .................................................. 1900-
**Ástand** ............................................... Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Mikil
**Minjagildi** ......................................... Lítið
**Friðlýst** .............................................. Nei

**Staðhættir**

Um *25* m í suður frá gólfplötu þar sem Barnaheimili Glaumbæjar var. Steinahleðslan er austani smá lægð sem er í suður norður í landinu.

**Lýsing**

Óregluleg steinahleðsla sem þó er afmörkuð í landinu, hleðsluhæð um 0.25 m, liggur í smá bogum um landið, á um 12x10 m löngu svæði.

**Athugasemdir**

**Heimildir**



Horft til suðurs yfir hleðsluna sem er fyrir miðju.

# Óttarsstaðir

163/105

**Heiti** .................................................. Skógarstígsvarða 0 15
**Tegund** ............................................... Varða
**Hlutverk** ........................................... Leið
**Gps-hnít** ............................................ N 064°02.478' W 022°03.599'
**Aldur** .................................................. 1550·1900
**Ástand** ................................................ Ágætt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Varðan er á hæð fyrir sunnan og ofan Glaumbæjarsvæðið, þar sem Kotaklifsvarða er vestast. Þessi varða er önnur af tveimur vörðum sem eru með 30 m millibili. Þessi varða stendur aðeins lægra en austari varðan.

## Lýsing

Varðan er upphlaðinn, steinastærð um 0.25--045 m. Hleðsluhæð 0. 70 m Grunnflötur um 1 m

## Athugasemdir

## Heimildir



Horft að vörðunni í norður.

# Óttarsstaðir

163/106

**Heiti** ................................................ Sigurðarvarða 014
**Tegund** ............................................ Varða
**Hlutverk** .......................................... Kennimark
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.481' W 022°03.549'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................ Ágætt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** ........................................... Nei

**Staðhættir**

Örnefnaskrá: Frá Glaumbæ sem brann árið 1978, norðan við bann er jarðfall með hlöðnum veggjum, langt þar fyrir sunnan er klapparhæð sem nefirist Sigurðarhæð, vestan í henni er helliskúti sem er Sígurðarhellir, Á Sigurðarhæð er varðan.
Um 30 m í norðvestur er önnur varða aðeins minni. Þar fyrir vestan er Kotaklifsvarða.

**Lýsing**

Varðan er upphlaðinn steinastærð um 0.25 - 045. Hún er um 0.8 má hæð, en um 1 má hverja hlið.

**Athugasemdir**

Vegna lagningu Reykjanesbrautar, var gerð fornleifakönnun árið 2001, á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Þar er skráður Sigurðarhellir og lýsing á vörðunni,

**Heimildir**

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. Fornleifakönnun-Reykjanesbraut. Fornleifastofnun Íslands. (Gk-163:055)
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft í austur yfir vörðuna.

**Fornleifaskrá** Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/107

**Heiti** ................................................ Fyrirhleðsla/sprunga 015 a
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Vörlsugarður
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.519'W 022°03.684'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

**Staðhættir**
Sprungan er í hraunbelti sem er fyrir sunnan og ofan Glaumbæjarsvæðið, ofan við það er Kotaklifsvarða (108) sem er vestasta og tvær minni vörður (105, 106)

**Lýsing**
Fyrirhleðslur í sprungu sem liggur austur-vestur með smá sveig til suðurs.
Sprungan er um 12 m löng og um 0.60 - 1 má breidd. Dýpt sprungunnar er mest við austurendann, um 2 m en lækkar síðan niður í um 0.80 við suðvestur endann. Hleðsluhæð er um 2 m við austurendann en um 0.80 við suðvesturendann.

**Athugasemdir**
Fyrirhleðslurnar í sprungunni hafa verið hlaðnar til að varna því að féð, og þá sérstaklega hrútar festust í henni.

**Heimildir**



Horft til norðausturs yfir sprunguna með fyrirhleðslunum.




Teikning. sprungan með hleðslum.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/108

**Heiti** ................................................. Hádegishæðarvarða 102
**Tegund** ........................................... Varða
**Hlutverk** .......................................... Eyktamark
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.644' W 022°03.724'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**
Upp af sumarbústað sem er fyrir ofan og sunnan Óttarstaðakot er skeifulaga hæð um miðbik hæðarinnar er varðan. Örnefnaskrá: Sunnan við túnið á Vesturbænum er Hádegishæð, eyktarmark. Á henni er Hádegishæðarvarða. Hæðin er sprungin og mildar gjár í henni.

**Lýsing**
Varðan er um 0.80 má hæð og grunnflötur um 0.50 m, en varðan mjókkar upp.

**Athugasemdir**

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson. Óttarsstaðir, Örnefnastofnun Gullbringusýsla Garðabær.



Horft til vesturs að vörðunni.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnartjordur.is

# Óttarsstaðir

163/109

**Heiti** .................................................. Varða 017
**Tegund** .............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ............................................ Kennimark
**Gps-hnit** ............................................. N 064°02.505[1] W 022°03.790[1]
**Aldur** .................................................. 1900 -
**Ástand** .............................................. Sæmilegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Lítið
**Friðlýst** ............................................... Nei

**Staðhættir**

Varðan er upp á klettabelti sem er fyrir ofan Glaumbæjar svæðið og sumarbústað sem er vestan af því. Varða sem er um 14 m í norður frá Hádegisvörðu.

**Lýsing**

Hleðsluhæð um 1 m, steinastærð um 0.25-0.50 m. Grunnflötur um 2 m. Hleðslur vörðunnar virðast vera nýlegar, það gæti líka verið að hún hafi verið endurhlaðin.

**Athugasemdir**

Heimildir



Horft að vörðunni til norðurs.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/110

**Heiti** .................................................. Sigurðarskúti 024
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** ........................................... Fjárskýli
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.517' W 022°03.412'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** .............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

**Staðhættir**

Í um 350 m í suður frá Glaumbæ, þar liggur klettabelti í landinu í austur þar undír er Sigurðarskúti**.** Að klettunum er grasivaxið og aðeins bratti í landinu, en framan við er nokkuð slétt.

**Lýsing**

Í klettaskorningi er skúti sem slútir fram fyrir sig og myndar skjól fyrir norðaustan áttinni. Hleðsluveggur með inngangi er hlaðin fyrir skútann, nokkuð hefur hrunið úr hleðslum í innganginn. en hann er þó vel afmarkaður. Einnig er hrunið úr hleðslunum inn á gólfskútans við hleðslurnar. Klettaskorin er um 2 má hæð að vestan, en um 1- 1.50 m m þar sem hún er lægst við suðurhlið. Hleðsluveggurinn er um 1 má hæð að norðvestan og um 0.75 má hæð að suðaustan.
Frá austur hleðslu skútans til suðurs er hleðsluveggur sem er í boga upp við lága kletta, og liggur aðeins lægra en skútinn. Hleðslumar eru um 0.25-0.30 má hæð. Fyrir framan skútann er smá grasbali. Steinastærð í hleðslunum er um 0.25- 0.40 m.

**Athugasemdir**

Jónatan Garðarsson: Áður fyrr var skútinn yfirreftur, þó ekkert sjást af því nú.

**Heimildir**

Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.



Horft inn í skútann f austur.




Teikning: Sigurðarskúti til vinstri. hleslur til hægri.

# Óttarsstaðir

163/111

**Heiti** ................................................ Garður við Sigurrðarskúta 239
**Tegund** ............................................. Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Vörlsugarður
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.459' W 022°03.154'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** ............................................... Lélegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** .............................................. Nei

## Staðhættir

Um 250 m í suður frá skilti með gönguleiðakorti sem er norðan Straums.
Garðurinn liggur norður-suður um smáskorning sem liggur að Sigurðarskúta sem er til hægri þegar farið er yfir skorningin eða dragið í vestur yfir garðinn.

## Lýsing

Garðurinn liggur í suður- norður. Hann er mikið hruninn, og er að mestu í sömu hæð og landið í kring. Garðurinn er um 15 m langur. Norðurhluti garðsins um 4-5 m og liggur upp í klettabelti, síðan liggur hann niður í dragið og upp smá halla í suður.

## Athugasemdir

Sigurðarskúti er númer 110.
Jónatan Garðarsson: Skútinn var yfirreftur, en nú sést ekkert af því.

## Heimildir

Jónatan Garðarsson, heimild i október 2009.



Sigurðarskúti til vinstri, rétt ofan við miðja mynd.
Hleðslugarðurinn til hægri rétt neðan við miðja mynd.
Horft í austur.




Teikning: Garðhleðslan til vinstri, Sigurðarskúti til hægri.

# Óttarsstaðir
163/112

**Heiti** ................................................. Kúarétt fyrirhleðsla 0 13
**Tegund** ............................................ Hleðsla
**Hlutverk** .......................................... Túngarður
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.448' W 022°03.451'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Sæmilegt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Talsverð
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

## Staðhættir
Örnefnaskrá: örnefnalýsing: Suðvestur af Sigurðarhæð, með Sigurðarhelli er mikill og hár klapparrani. Suðaustan í honum er feikimikið jarðfall. Fyrir endan á því er eru miklar hleðslur sem nefnist Kúarétt sem er um 450 m í vestur frá húsunum í Straumi. Að Kúaréttinni er merkt gönguleið, rétt norður af húsunum í Straumi.

## Lýsing
Fyrirhleðslan, veggjahleðslan liggur á milli klettaveggja í dalverpi um 70-80 m í vestur frá Kúaréttinni sem er fremst í dalverpinu. Hrunið hefur úr hleðslunni, en þær eru allt að 1- 1.1 m á hæð þar sem það er hæst en lægri út við klettaveggina eða um 0.60 má hæð. Steinastærð um 0.25-0.50 m.

## Athugasemdir
Vegna lagningu Reykjanesbrautar, var gerð fornleifakönnun árið 2001, á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Þar er kúaréttin og hleðslugarðurinn skráð undir sama skráningarmímeri.
Kúaréttin hefur númerið 145 í þessari skrá.

## Heimildir
Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001. Reykjanesbraut. Fornleifakönnun Bls. 28, GK.163:056. Fornleifastofnun Íslands.
Gísli Sigurðsson. Örnefnskrá-Óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Garðurinn fyrir miðri mynd horft í vestur.




Teikning, snið af hleðsluveggnum við kúaréttina.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/113

**Heiti** ................................................. Tóft 185
**Tegund** ............................................. Tóft
**Hlutverk** ........................................... Óþekkt
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.798' W 022°03.558'
**Aldur** ................................................ 1550-1900
**Ástand** .............................................. Lélegt
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................ Talsverð
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir

Meðfram norðausturhlið túngarðsins sem er í kringum Óttarsstaðkot liggur götuslóði niður að sjó, vestan hans að túngarðinum er smá laut með óljósa tóftarveggi.

## Lýsing

Óljósir tóftarveggir sem eru mjög grasivaxnir, um 0.30 má hæð, og um 3-4 m langir, en breiddin mjög óljós, um 1 m þar sem hægt var að greina breidd. Inngangur í norðvestur en mjög óljós.

## Athugasemdir

Örnefnaskrá: Niður við Óttarsstaðavörina var önnur hjáleiga eða þurrabúð nefnd Kolbeinskot. Kot þetta fór í eyði rétt fyrir aldamót (1899-1900). Síðasti ábúandi þar mun hafa heitið Kolbeinn og mundi gamalt fólk enn eftir honum þegar Gústaf var að alast upp. Túnið sem lá áður undir Kolbeinskot var alltaf nefnt Kotatún, en túnið ofan Sjávarbakkans var kallað Bakkatún. Tóftin gæti hafa tilheyrt Kolbeinskoti, en engin vissa er fyrir því.
Túnakort frá 1917 segir frá koti sem er sagt heita (Nýjakot? ) Í örnefnaskrá er ekki getið um það heiti, en samkvæmt Túnakortinu hefur það verið niður við Óttarsstaðvörina, en nafnið sett mað spurningarmerki.

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir. Gullbringussýslu, Örnefnastofnun Íslands, 1980.
Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Horft í suður yfir tóftina.




Teikning, tóftin.

# Óttarsstaðir

163/114

**Heiti** ................................................ Óttarsstaðavör 272
**Tegund** ............................................ Náttúruminjar
**Hlutverk** .......................................... Naust
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.821' W 022°03.581'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................ Ágætt
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Mikil
**Minjagildi** ....................................... Hátt
**Friðlýst** ............................................. Nei

**Staðhættir**
Áður en komið er að Eyðikotinu er vegslóði niður að sjó, þar er Óttarsstaðavör.
Örnefnaskrá: Óttarsstaðavör er alveg niður undan verkstæðinu sem nú er á Óttarsstöðum, Hún er alveg eins og hún var.

**Lýsing**
Um 150 m í norðaustur frá Eyðikotinu að kofa og tóftum út við sjávarkambinn. Norðaustan við vörina er nokkuð langur klettarani sem myndar lygnu í vörinni.
Jónatan Garðarsson: Nafnið á klettarananum er Ytri- og Innrihólmi.

**Athugasemdir**

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá.- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.


Horft yfir vörina til norðurs.

# Óttarsstaðir

163/115

**Heiti** ................................................. Vör gömul 056
**Tegund** ........................................... Náttúruminjar
**Hlutverk** .......................................... Naust
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.821' W 022°03.585'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Horfið
**Hættumat** ........................................ Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Lítil
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** ............................................ Nei

**Staðhættir**
Um 160 m í norður frá Óttarsstaðakoti í stórgrýttri fjörunni.
Örnefnaskrá: Aðeins austar frá Gudduvör og Óttarsstaðavör er gömul vör sem sést aðeins móta fyrir neðst.

**Lýsing**
Fjöruborðið frá Gudduvör og Óttarstaðavör er sórgrýtt fjörugrjót og ekki gott að greina hvar gamla vörin hefur verið, eins og segir í örnefnaskrá þá á aðeins að móta fyrir henni neðst

**Athugasemdir**
Örnefnaskrá: Líklega hefur Kolbeinn í kotinu orðið að hafa kænurnar sínar þar.

**Heimildir**
Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.





Horft í austur frá Óttarsstaðavör.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir 163/116

**Heiti** ........................................................ Gudduvör 055 , 160
**Tegund** .......................................... Heimild
**Hlutverk** ........................................ Uppsátur
**Gps-hnit** ........................................ N 064°02.851' W 022°03. 783'
**Aldur** ............................................. 1550-1900
**Ástand** ........................................... Horfið
**Hættumat** ...................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................. Engin
**Minjagildi** ..................................... Talsvert
**Friðlýst** .......................................... Nei

## Staðhættir

Um 120 m í norðvestur frá Neðri-Óttarsstöðum er Fiskhóll, norðan í honum er tóft sjóbúðar, frá sjóbúðinni í vestur liggur klettagjá við endan á henni er stórgrýtisfjara og þar var Gudduvör.

Örnefnaskrá: Vestan við Hjallabyrgið var Gudduvör, aflögð fyrir löngu. Sá aðeins móta fyrir henni á stórstraumsfjöru.

## Lýsing

Þar sem heitir Gudduvör er stórgrýtisfjara og smá vik í landið.

## Athugasemdir

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft í norður yfir vörina.

# Óttarsstaðir

163/117

**Heiti** .................................................. Skiparétt 186
**Tegund** ............................................ Heimild
**Hlutverk** ........................................... Uppsátur
**Gps-hnit** ............................................ N 064°02.813' **W** 022°03.497'
**Aldur** ................................................. 1550-1900
**Ástand** ............................................... Horfið
**Hættumat** .......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ................................................. Mikil
**Minjagildi** .......................................... Talsvert
**Friðlýst** ............................................... Nei

## Staðhættir

Norðaustan við túngarðinn við Óttarstaðakot er vegslóði niður að sjó, smá kofi er norðaustan við slóðan frá honum er um 10 m austur hefur verið skiparéttin.

## Lýsing

Steyptur hefur verið L-laga garður í norður frá tóftinni sem þarna er, frá styttri enda garðsins er hleðsluveggur úr grjóti úr honum hefur hrunið bæði að og meðfram steypta langveggnum og grjótbreiður liggja um kring þar sem hafa verið veggir, gömul skipsflök sem liggja á víð og dreifí grasivösxnu landinu

Örnefnaskrá: Fyrir ofan Óttarsstaðavör var hleðsla á tvo vegu, veggur að sunnan og vestan, kölluð skiparétt.

## Athugasemdir

Örnefnaskrá: Skiparéttin er nú alveg horfin. Þar var bátum hvolft á haustin og þeir látnir standa þar yfir veturinn.
Jónatan Garðarsson: Steypti veggurinn er úr bátasmiðju Guðmundar sem smíðaði þar árabáta og litlar trillur.

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.
Túnakort 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.



uppsátrið.




Teikning: af svæðinu fast sunnan við skiparéttina.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/118

**Heiti** ................................................ Fjárhús/smiðja/bátaskýli 149
**Tegund** ........................................... Tóft/Fjárhús smiðja, bátaskýli 149
**Hlutverk** ......................................... Fjárhús, smiðja, bátaskýli
**Gps-hnit** ......................................... N 064°02.807' W 022°03.522'
**Aldur** ............................................ 1550-1900+
**Ástand** ........................................... Lélegt
**Hættumat** ...................................... Nýbyggingar
**Hætta** ........................................... Mikil
**Minjagildi** ..................................... Talsvert
**Friðlýst** .......................................... Nei

### Staðhættir

Niður við Óttarsstaðavör, um 60 m norðvestur frá Óttarsstaðakotstúngarði, niður að sjávamáli.

### Lýsing

Langveggir tófarinnar og gaflveggur tóftarinnar eru upphlaðnir úr grjóti. Í framhliðinni hefur líklega í byrjun verið timbur, en síðan hefur framhliðin verið steypt og langveggur frá framhliðinni að gaflvegg einnig verið steyptur. Norðan þess langveggs er steypt bað fyrir kindur. Hleðsluhæð á upphlöðnum veggjum er allt að 1.40 m. Upphlöðnu veggirnir eru grasivaxnir að ofan steinastærð í hleðslum um 0.24 - 0.40 m. Frá vesturhlið er L-laga grjóthleðsla, hleðsluhæð um 0.40 m.

### Athugasemdir

Þarna hefur verið smiðja, bátaskýli, og fjárhús með baðkeri fyrir féð.
Jónatan Garðarsson: Steypti veggurinn er úr bátasmiðju Guðmundar sem smiðaði þar árabáta og litlar trillur.
Örnefnaskrá: Niður við óttarsstaðavörina var önnur hjáleiga eða þurrabúð nefnd Kolbeinskot. Kot þetta fór í eyði rétt fyrir aldamót (1800-1900). Síðasti ábúandi þar mun hafa heitið Kolbeinn og mundi gamalt fólk enn eftir honum þegar Gústaf var að alast upp. Túnið sem lá áður undir Kolbeinskot var alltaf nefnt Kotatún, en túnið ofan Sjávarbakkans var kallað Bakkatún.
Túnakort frá 1917 segir frá koti sem er sagt heita (Nýjakot? ) Í örnefnaskrá er ekki getið um það heiti, en samkvæmt Túnakortinu hefur það verið niður við Óttarsstaðvörina, en nafnið sett mað spurningarmerki.

### Heimildir

Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.
Túnakort 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.



Horft í austur yfir hússtæðið.




Teikning af húsi og garðhleðslu.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir
163/119

**Heiti** ................................................. Skúr/ horfinn 149
**Tegund** ............................................ Hús
**Hlutverk** .......................................... Skemma
**Gps-hnit** ........................................... N 064°02.807' W 022°03.522'
**Aldur** ............................................... 1900 -
**Ástand** ............................................. Horfið
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Talsverð
**Minjagildi** ......................................... Lítið
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir
Vegslóði sem liggur niður að sjó norðaustan við túngarð Óttarstaðakots skúrinn stendur norðan og niður við sjávarmál við vegaslóðann

## Lýsing
Skúrin er 4.5 x 5, með skúrþaki timburksúr. Inngangur í vestur. Skúrinn stendur um 0.50 m frá smiðjutóft/fjárhúsi/bátaskýli

## Athugasemdir
Jónatan Garðarsson: Skúrinn var geymsluskúr og bátaskýli í honum var geymd trilla. Nú á árinu 2009 hefur skúrin verið rifinn, og er ekkert eftir af honum nema gólfþlatan.

## Heimildir
Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.



Horft að skúrnum til austurs.




Teikning, skúrinn lengst til vinstri og næsta umhverfi skúrisns.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/120

**Heiti** ............................................... Haustrétt 168
**Tegund** .......................................... Hleðsla
**Hlutverk** ........................................ Rétt
**Gps-hnit** ......................................... N 064°02.717' W 022°03.423'
**Aldur** ........................................... 1550-1900
**Ástand** .......................................... Sæmilegt
**Hættumat** ...................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................ Mikil
**Minjagildi**...................................... Hátt
**Friðlýst** .......................................... Nei

## Staðhættir

Vestur með götunni heim að Óttarsstöðum á vinstri hönd er Glaumbær sumarbústaður og seinna barnaheimili. Um 120 m frá Glaumbæ í suðvestur eftir vegslóðanum að Óttarsstöðum er jarðfall ofan vegarins með sléttum botni og réttarveggir hlaðnir á brúnum jarðfallsins.

## Lýsing

Réttin er hlaðin inn í smá klettabelti þar sem klettaveggirnir mynda að hluta umgjörð réttarinnar. Inngangur er í réttina í vestur, og er hlaðið að honum aðrennslis garður til að stýra ferð fjárins inn í réttina. Hleðsluhæð er um 1.50 m og að hluta til hefur verið hlaðið ofan á klettaveggina til að ná upp hæðinni. Aðrennslisgarðurinn er lægri 0.30 m- 0.40 m. Inngangur er í réttina í vestur og hefur hrunið nokkuð í innganginn. Steinastærð 0.25-0.45 m. Réttin er grasivaxin að innan, og eins í kringum aðrennslisgarðinn. Eitthvað af hleðslugrjóti hefur verið fjarlægt úr veggjum réttarinnar, en réttinn er samt heilleg, og sést vel í landinu.

## Athugasemdir

Örnefnaskrá: Norðan við Glaumbæ er rétt þar sem er jarðfall slétt í botn og réttarveggir hlaðnir á brúnum. Rétt þessi var venjulega notuð á haustin, en hún hefur nú verið rifin niður.

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft yfir ættina til austurs.




Teikning, réttinn.

# Óttarsstaðir

163/121

**Heiti** ................................................ Heimatúngarður
**Tegund** ........................................... Garðlag 150
**Hlutverk** .......................................... Túngarður
**Gps-hnit** .......................................... N 064°02.749' W 022°03.526'
**Aldur** ............................................... 1550-1900
**Ástand** ............................................. Ágætt
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** .............................................. Talsverð
**Minjagildi** ....................................... Talsvert
**Friðlýst** ........................................... Nei

## Staðhættir

Garðurinn liggur um 130 m frá Óttarsstaðakoti í norðaustur, neðan vegarins að Óttarsstöðum

## Lýsing

Garðurinn liggur í sveig í landinu. Víða er hann jafnhár landinu, en hleðsluhæð er þó allt að 1.20 m þar sem hún er hæst. Gaðurinn er grasivaxinn en hleðslur sýnilegar, úr hraungrjóti sem er að 0.20-0.40 m stærð. Lengd garðsins er um 450 m. Örnefnaskrá: Túnið á Óttarstöðum var allstórt og var því deilt á milli bæjanna í Vesturtún og Austurtún. Túngarður skilur túnin að.

## Athugasemdir

Jónatan Garðarsson: Túngarðurinn er heimatúngarður beggja bæjanna Vörslugarður fyrir féð sem var á fjörubeit og útigangi utangarðs. Garðurinn skildi að heimatúnið, slægjulandið og Kotabótina.

## Heimildir

Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.


Horft yfir túngarðinn til norðausturs.


Út við götuna að Óttarstaðakoti er vesturendi garðsins.

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Óttarsstaðir

163/122

**Heiti** .................................................. Karstensvarða
**Tegund** ............................................ Heimild
**Hlutverk** .......................................... Kennimark
**Gps-hnit** ........................................... N °.' W º.'
**Aldur**................................................ 1550-1900
**Ástand**.............................................. Horfið
**Hættumat** ......................................... Nýbyggingar
**Hætta** ............................................... Engin
**Minjagildi** ........................................ Talsvert
**Friðlýst** ............................................. Nei

## Staðhættir

Varðan hefur verið felld, því ekki hægt að staðsetja hana. en hún er talin hafa verið í námundana við Austurtúngarð. Örnefnaskrá: Upp af Kotabótinni er Kotamói, kargaþýfður. Rétt við móan liggur gatan frá Óttarsstöðum upp á veg. Skammt suður af Kotamóanum er Klöpp. Á henni stóð varða sem nefnd var Karstensvarða.

## Lýsing

